

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

JÚNÍ 2006



6. tbl. 13. árg.



Lyf & heilsa
Mjódd
Opíð virka daga 9-18:30 og laugardaga 10-14

Dælulykill
Ekkert PIN
Meiri hraði
Lægra verð
www.atlantsolia.is
AO
ATLANTSOLIA



■ bls. 4-5
**Viðtal við
Halla Reynis**

■ bls. 11 og 15
Íþróttir

Lagt af stað frá Gerðubergi



Lagt af stað í kvennahlaup.

Fyrsta hlaupið í kvennahlaupi ÍSÍ að þessu sinni hófst við menningarmiðstöðina Gerðuberg um hádegisbil á föstudaginn var. Þetta er í þriðja sinn sem félagsstarfið í Gerðubergi tekur þátt í kvennahlaupinu en hingað til hefur það farið fram á laugardegi eins og annars staðar. Á hinn bóginn þótti hentugra að láta hlaupið fara fram á föstudegi með tilliti til þátttakenda sem sumir hverjir þurfa aðstoð af

ýmsi tagi, en ýmsir samstarfsaðilar félagsstarfsins tóku þátt í hlaupinu. Vilhjálmur Þ. Vilhjálms-son, borgarstjóri ræsti hlaupið, en gerði það sem væntanlegur borgarstjóri og Breiðholtsbúi, þar sem hann hafði þá ekki tekið við borgarastjórarstarfinu með formlegum hætti. Vilhjálmur gat þess í ávarpi sínu að margar góðar gönguleiðir væru í nágrenni Gerðubergs og Breiðholtsins einkum í Elliðaárdalnum. Áætlað

er að á bilinu 16 til 17 þúsund konur á öllum aldri hafi tekið þátt í Kvennahlaupinu í heild sinni sem fór fram á yfir 90 stöðum á landinu. Á myndinni má sjá Vilhjálmi Þ. Vilhjálms-son og Guðrúnu Kristjánsdóttur, konu hans ásamt Guðrúnu Jónsdóttur, forstöðumanni félagsstarfs Gerðubergs í hópi þátttakenda félagsstarfs Gerðubergs og samstarfsaðila í kvennahlaupi ÍSÍ 2006.



Lyfjaval.is
Sími 577 1166

Apótekið í Löffelli er opið:
mán-fös: 10-18 · laugardaga: 10-14

ÓDÝRA

Apótekið
- Lipurð og lægra verð

Glaesilegt kjöt- og fiskborð
Grillkjöt í miklu úrvali



Þín verslun
SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík

Sími: 511 1188 • 561 1594

Fax: 561 1594

Auglýsingasími: 511 1188 • 561 1594 • 895 8298

Netfang: borgarblod@simnet.is

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson, Sími: 551 1519 • 893 5904

Netfang: thord@itn.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Prentsmiðja Morgunblaðsins

Dreifing: Íslandsþóstur

6. tbl. 13. árgangur

Breiðholtsblaðið er gefið út í 9000 eintökum og dreift frítt í hvert hús í Breiðholtinu.



Fjölflokkakerfið styrkist

Úrslit borgarstjórnarkosninganna komu að nokkru leyti á óvart. Framan af kosningabaráttunni virtist sem tvö framboðanna myndu að endingu takast á um flest sæti í borgarstjórnarsaln-um en minni framboðin ekki hafa erindi sem erfiði. Sú varð ekki raun-in. Á síðustu vikum aðdraganda kjördagsins sóttu minni framboðin á og nú eiga fimm stjórn-málaflokkar fulltrúa í borgarstjórn Reykjavíkur-borgar.

Tvennt vekur einkum athygli þegar úrslit kosninganna eru skoðuð. Annars vegar að Sjálfstæðisflokknum tókst ekki að endurheimta hrein-an meirihluta í borgarstjórn, þótt við nokkur framboðsöfl væri að etja en ekki sameinaðan framboðslista eins og í undanförmum kosningum. Hins vegar að Samfylkingunni tókst ekki að sameina aðstandendur R-listans undir væng sinn að þeim hluta sem augljóslega var stefnt. Úrslit kosninganna sýna að borgarbúar vilja eiga fleiri valkosti en tvo þegar kjósa þarf fulltrúa til þess að fara með málefni borgarinnar á sveitarstjórnarstigi. Það er svo undir málefnastöðu og samningatækni stjórn-málamannanna komið hverjir veljast til þess að mynda meiri-hluta og fara með raunverulega stjórn mála hverju sinni.

Ef reyna á að líta til framtíðar, til næstu alþingiskosninga, í ljósi borgarstjórnakosninganna í Reykjavík má gera ráð fyrir að þau styrki fjölflokkakerfið framur en að veikja það. Þótt stundum hafi verið reynt að þjappa stjórn-málunum saman í færri og stærri hópa hefur slíkt aldrei tekist til langframa. R-listinn sálugi í Reykjavíkurborg er raunar eina stóra dæmið um að slíkt hafi heppnast og átt sér nokkurt líf fyrir höndum. Íslendingar virðast ekki áhugasamir um tveggja flokka stjórn-málakerfi líkt og viðgengst í Bandaríkjunum og að nokkru í Bretlandi. Þeir kjósa sér fremur fyrirmyndir úr evrópskum stjórn-málum þar sem fjölflokkakerfin lifa góðu lífi.

Áhugaverð blöð eða óáhugaverð

Fyrir nokkru ræddi dagskrárgerðarmaður nokkur á einni hinna ungu útvarpsrása um blöð sem dreift er án endurgjalds. Varð honum tíðrætt um að slík blöð væru ekki jafn áhugaverð lesning og önnur sem stæðu fólki til boða gegn greiðslu. Sitt má hverjum sýn-ast um efni og innihald blaða, bæði þeirra sem dreift er án endur-gjalds til lesenda og annarra sem seld eru gegn greiðslu. Ætla má að blöð sem treysta á tekjur af sölu, áskriftum og lausasölu leggi meiri áherslu á svonefndan uppslátt til þess að vekja áhuga fólks á innihald-inu. Frídreifingarblöð þjóna á hinn bóginn margvíslegum tilgangi til þess að koma bæði fréttum og öðru efni á framfæri við almenning.

Þróunin á fjölmiðlamarkaði hefur verið í þá átt á undanförmum árum að frídreifingarblöðin gegna sífellt stærra hlutverki. Lengi hafa lands-hlutablöð og hverfisblöð verið gefin út og dreift til íbúa tiltekinna byggða og svæða. Þessi blöð hafa ekki síst flutt fréttir af mönnum, málefnum og viðborðum á tilteknum stöðum sem stærri fjölmiðlar, sem starfa á landsvísu, hafa ekki tök á að sinna. Stærsta breytingin í þá átt sem hér um ræðir er tilkoma Fréttablaðsins - dagblaðs sem dreift er frítt til stærsta hluta þjóðarinnar. Á sama tíma hefur út-breiðsla blaða og tímarita, sem seld hafa verið í lausasölu og áskrift, verið að dragast saman. Skemmst er að minnast þess að DV, sem löng-um vakti athygli fyrir hispurslausa efnismeðferð, var gert að vikulegu heimilisblaði og minnir nú einna helst á Hjemmet og Famelie Journal hin dönsku.

Undir það má taka með dagskrárgerðarmanninum að oft gaf að líta hressilegri og meira ógrandi efnistöð og meðferð á síðum DV en sjá má í Fréttablaðinu, Blaðinu, landahluta- og hverfisblöðum og jafnvel Mogganum sem þó er seldur.

En af hverju hvarf DV í sinni upprunalegu mynd og af hverju eiga slúðurblöð á borð við Séð og heyrt nú í vörn. Svarið við því er einfalt. Kaupendur virðast ekki fyrir hendi. Rekstur þessara blaða skilar ekki þeim arði sem útgefendur kjósa og stendur jafnvel ekki undir útgáfu-kostnaði. Fréttir eru raunar ekki söluvarningur lengur. Með nútíma fjölmiðlun og þá einkum Netinu hafa skapast margvíslegir möguleikar til fréttaflutnings sem prentaðir miðlar hafa enga möguleika til að keppa við. Af þeim ástæðum finna fjölmiðlar sér hver sinn bás eftir því hvar þeir starfa, hvort sem er á landsvísu heillar þjóðar eða höfða til afmarkaðra hópa í byggðum og borgarhverfum. Orð dagskrárgerð-armannsins komu þó beint frá hjartanu. Hann saknaði hinna ógrandi efnistaka. En það virðast ekki nógu margir haldnir þeim sama söknuði til þess að halda slíkum miðli á lífi.

S T U T A R B O R G A R F R É T T I R

Samtímalist á Norðurlöndum í Hafnarhúsi

Nú stendur yfir sýningin Carnegie Art Award 2006 í Lista-safni Reykjavíkur - Hafnarhúsi. Um er að ræða sýningu á mark-verðustu samtímalist á Norður-löndum en Carnegie Art Award 2006 er bakhjarl einna stærstu myndlistarverðlauna í heimi. Ár-lega veitir stofnunin þremur skandinavískum listamönnum vegleg peningaverðlaun auk þess sem einn ungur listamaður hlýtur styrk sem bjartast von norrænna myndlistarmanna.

Listamennirnir og verk þeirra sýna þversnið af því sem er að gerast í norrænni myndlist í dag. Öll verkin á sýningunni eru gerð á undanförmum tveimur árum og eru fjölbreyttari hvað tækni og efnismeðferð snertir en nokkru sinni fyrr í sögu Carnegie Art Award. Alls eiga 21 myndlistar-maður verk á sýningunni og þar eru fjórir Íslendingar; Eggert Pét-ursson, Finnbogi Pétursson, Steingrímur Eyfjörð og Jón Óskar. Leiðsögn er um sýninguna alla sunnudaga kl. 15.00.

Þjónustumiðstöðv-arnar eins árs

Þjónustumiðstöðvagnar í Reykjavík fögnuðu eins árs af-mæli þann 1. júní síðastliðinn. Tvær þjónustumiðstöðvanna eiga sér þó eldri rætur. Miðgarður og einnig Þjónustumiðstöð Grafar-vogs og Kjalarness sem hefur verið starfrækt í níu ár og Þjónustu-miðstöð Vesturbæjar, sem hefur verið starfandi í fjögur ár.

Markmiðið með stofnun þjón-ustumiðstöðvanna var að gera þjónustu borgarinnar aðgengi-legri fyrir íbúa og efla samstarf sérfræðinga í málefnum barna og fjölskyldna. Jafnframt var hugsun-in sú að efla hverfastarf í sam-vinnu við íbúa, félagasamtök og aðra sem vilja láta til sín taka.

Forvarnir gegn ofbeldi á öldruðum

Í dag fimmtudaginn 15. júní er alþjóðlegur forvarnardagur gegn ofbeldi á öldruðum. Það eru Al-þjóðleg samtök gegn ofbeldi á öldruðum, INPEA, sem standa fyr-ir alþjóðlegum forvarnardegi af þessu tagi.

Tilgangurinn með deginum er að vekja fólk til umhugsunar og umræðu um hvað sé ofbeldi gegn öldruðum og hvað samfélagið og stofnanir þess geti gert til að sporna við því að slíkt eigi sér stað. Í tilefni dagsins var haldið málþing í félagsmiðstöðinni Hæð-argarði 3, þann 8. júní sl. Meðal þeirra sem flutti erindi á málþing-inu var Einar Már Guðmundsson, rithöfundur og nefndi hann erindi sitt. „Ég stytty mér leið framhjá dauðanum“. Það var Þjónustu-miðstöð Laugardals og Háaleitis sem stóð fyrir málþinginu í sam-vinnu við Félag eldri borgara, Vel-ferðarsvið Reykjavíkurborgar og Öldrunarfræðafélag Íslands. Sam-antekt og niðurstöður frá mál-þinginu verður á heimasíðu Reykjavíkurborgar og í fjölmið-lum í dag 15. júní.

Sigrún Ingvarsdóttir, félagsráð-gjafi segir að tölulegar upplýsing-ar um umfang ofbeldis gegn öldruðum sé flókið viðfangsefni, háð skilgreiningum á ofbeldi og aðferðarfræði við öflun upplýs-

inga. Ennfremur sé talið af mörg-um að þær tölur sem fáiast úr rannsóknnum og könnunum séu aðeins toppurinn af ísjakanum því vandinn sé þess eðlis. Tölur um umfang ofbeldis séu nokkuð breytilegar eftir því hvernig upp-lýsinganna er aflað en talað sé um að þolendur ofbeldis frá 65 ára aldri sé á bilinu 2 til 10 % af heild-arfjölda aldraðra í hverju landi. Sigrún segir að ef íslenskar rann-sóknir um ofbeldi gegn öldruðum verða að raunveruleika hér á landi þá verði þær að verði sam-anburðarhæfar við erlendar rann-sóknir og þá þurfi að leggja fyrir nokkuð skýr skilgreining um hvernig við þýðum og skilgrein-um erlenda hugtakið „elder abuse“ í því sambandi.

Sigrún segir að afleiðingar of-beldis fyrir aldraða séu oft á tíð-um alvarlegri en fyrir þá sem yngri eru, þar sem sumum öldruðum sé hættara við bein-brotum, sár gróa seinna og oft reynist þeim erfiðara að auka tekjur sínar. Mikilvægt sé að mörkuð verði stefna í forvörnum gegn ofbeldi á öldruðum hér á landi.

Aukið samstarf Reykjavíkurborgar og Hrafnistu

Gengið hefur verið frá samningi um 223 milljóna króna kostnaðar-hlutdeild Reykjavíkurborgar í nýrri 60 rýma hjúkrunarálmu á lóð Hrafnistu í Reykjavík.

Með samningnum hafa Hrafn-ista og Reykjavíkurborg aukið til muna samstarf sitt varðandi inn-töku á Hrafnistu í Reykjavík. Reykjavíkurborg fær rétt til að ákvarða hverjir nýta 18 af 60 rým-um hjúkrunarálmunnar.

Hjúkrunarálman sem er á suð-austurlóð Hrafnistu verður alls 3.910 fermetrar að stærð og á tveimur hæðum, auk kjallara og tengigangs við Hrafnistuheimilið. Starfsfólk hjúkrunarálmunnar eru liðlega 60 eða sem nemur rúm-lega einu stöðugildi fyrir hvern heimilismann. Hrafnista hefur þegar tekið bygginguna í notkun en með samkomulaginu njóta samtökin sömu kostnaðarþátt-töku Reykjavíkurborgar og samið var um við ríkisvaldið í maí 2002, eða 30%. Greiðslurnar verða innt-ar af hendi á árunum 2007 til 2009.

Mest hringt í þjón-ustu- og rekstrarsvið

Mest var hringt í þjónustu- og rekstrarsvið Reykjavíkurborgar á tímabilinu frá 1. janúar til 30. maí á þessu ári. Alls bárust Síma-veri Reykjavíkurborgar 8.526 símtöl vegna fyrirspurnna til sviðsins eða um 20% allra erinda til borgarinn-ar. Þessar tölur má sjá í nýlegu yf-irliti yfir árangur símavers.

Íþrótt- og tómstundasvið kemur næst með 6.558 símtöl og til framkvæmdasviðs var hringt 6.428 sinnum. Tæp 5.800 bárust til starfsmanna- og stjórnsýslu-sviðs. 3.219 til fjármálasviðs, 2.932 til umhverfissviðs og 2.276 til menntasviðs. Fæst símtöl bár-ust þjónustu- og rekstrarsviði vegna Strætó eða 35.

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar samþykkt

Mannréttindastefna Reykjavík-

urborgar var samþykkt með 14 samhljóða atkvæðum fyrir sköm-mu. Mannréttindastefnan er byggð á jafnræðisreglunni og miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda, án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórn-málaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlnunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

Markmið hinnar nýsamþykktu mannréttindastefnu er margþætt. Þar má nefna tryggingu mannrétt-inði allra hópa, aukna áherslu á kynjajafnrétti með því að skoða stöðu kynjanna innan þeirra hópa sem stefnan nær til. Einnig er stefnt að því að stuðla að þátt-töku allra hópa sem hún nær til. Með samþykkt mannréttinda-stefnunnar er Reykjavíkurborg fyrst allra sveitafélaga til að setja fram heildstæða stefnu að þessu leyti sem nær til allra hópa og tryggir þannig öllum skýran rétt og möguleika til þátttöku í öllu því sem borgin hefur upp á að bjóða. Með þessu er lögð áhersla á heildstæða sýn í þágu borgar-búa þar sem margir tilheyra fleiri en einum þeirra hópa sem hún nær til. Stefnan kemur í stað jafn-réttisstefnu og fjölmenningar-stefnu. Í nýju mannréttindastefn-unni er kveðið á um að starfs-mönnum borgarinnar af erlend-um uppruna sé gefinn kostur á að stunda starfstengt íslenskunám sé þess þörf. Sérstök mannrétt-indanefnd verður sett á fót til að fylgja stefnunni eftir í verki.

Steinunn kvaddi samstarfsfólkið

Steinunn Valdís Óskarsdóttir fráfarandi borgarstjóri kvaddi samstarfsfólk sitt hjá Reykjavíkurborg sl. föstudag en hann var síð-asti vinnudagur hennar sem borg-arstjóra. Á þriðja hundrað manns mættu í kveðjuhof borgarstjóra sem haldið var í Tjarnarsal ráð-hússins að morgni dagsins.

Steinunn Valdís hefur starfað sem borgarstjóri frá því í desem-ber 2004 er Þórólfur Árnason lét af því embætti. Steinunn Valdís sagði við þetta tækifæri að und-anfarnir 18 mánuðir hefðu verið henni lærdómsríkir og hún hefði þroskast sem stjórn-málamaður á þessum tíma. Hún sagði að borg-arstjórastarfið fæli í sér ákveðna nálægð við borgarbúa og hún hefði á þessum tíma fengið tæki-færi til að kynnast aðstæðum þeirra með öðrum hætti en áður.

Frá 22 löndum

Fólk frá 22 þjóðlöndum og fimm heimsálfum starfar nú hjá þjónustu- og rekstrarsviði Reykja-víkurborgar.

Þar að auki starfar þar fólk af erlendum uppruna sem hefur hlotið íslenskt ríkisfang. Tæplega 5% starfsmanna þjónustu- og rekstrarsviðs hafa erlent ríkisfang og koma flestir frá Taílandi og Filippseyjum.



HÚSIÐ
FASTEIGNASALA

- heilshugar um þinn hag -

- Suðurlandsbraut 50 • 108 Reykjavík
- Sími: 533 4300 • Fax: 568 4094
- www.husid.is • husid@husid.is



„Hvað er með Ásum?“

Ævintýraferð í goðheima fyrir alla fjölskylduna. Goðastyttur Hallsteins Sigurðssonar við texta Árna Björnssonar, þjóðháttufræðings.

Laxárstöðvar í Aðaldal



Orka í iðrum jarðar!

Heimsækið gestastofuna í Kröflu, sjáið myndir frá Kröflueldum.

Kynnist jarðvarma og orkuvinnslu.

Kröflustöð í Mývatnssveit



Fjölmenningsamfélagið Ísland!

Hvaða sýn hafa nýbúar á land og þjóð?

Listskýning nokkurra nýbúa.

Skemmtidagskrá margar helgar í sumar.

Ljósafossstöð við Sog

Sumarið er okkar tími!

Tilvalið að líta inn



Kynnist Kárahnjúkavirkjun!

Upplýsingar um Kárahnjúkaframkvæmdirnar ásamt ferðamennsku og útivist norðan Vatnajökuls. Góður viðkomustaður áður en haldið er upp á Fljótsdalsheiði.

Végarður í Fljótsdal



List og saga

„Andlit Þjorsæla – mannlíf fyrr og nú“. Málverkasýning Hlífars Snæbjörnssonar. Athyglisverð sölusýning á landslagsmálverkum.

Sultartangastöð ofan Þjorsárdals



Með krafta í kögglum!

Sýning á myndum Halldórs Péturssonar listmálara við Grettissögu.

Kynnið ykkur orkumannvirki sem kemur á óvart.

Blöndustöð, Húnaþingi

Spennandi sumar framundan hjá Landsvirkjun

Sýningarnar eru opnar alla eftirmiðdaga í sumar.

Nánari upplýsingar um opnunartíma á www.landsvirkjun.is og í síma **515 9000**.



Landsvirkjun

Góðir straumar í 40 ár

V I Ð T A L I Ð

„Sveitin mín heitir Breiðholt“

Haraldur Reynisson eða Halli Reynis eins og hann kallar sig gjarnan gaf nýlega út geisladisk með frumsömdu efni. Hann hefur gefið út nokkra diska á undanförnum árum og stefnir að nýrri útgáfu á komandi hausti enda komin með útgáfusamning eftir að hafa gefið diska sína út sjálfur hingað til. Hann er þekktur víða um land, hefur ferðast og haldið tónleika á mörgum stöðum. Oftast ferðast hann einn með gítarinn og munnhörpuna og treður upp sem trúbador og segir menn á borð við Hörð Torfason hafa haft mikil áhrif á sig. Þótt Halli sé mikill landsbyggðamaður í sér, hafi sungið fyrir fólk um allt land og telji ferðir um byggðir og ból hluta af tónlistarlífi sínu og starfi, þá er hann fyrst og fremst Breiðhyltingur. Hann er fæddur í Breiðholtinu og alinn þar upp og hefur búið þar alla sína tíð að undanskyldum nokkrum árum sem hann dvaldi í Danmörku. Til marks um Breiðholtsbúann og sveitamanninn sem sameinast í Halla er að hann kýs að kalla Breiðholtíð sveitina sína í texta við lag sem væntanlega kemur út á næstu plötu hans.

Fór með kveðskapinn til afa

En hvað varð til þess að hann kaus að fara leið tónlistarinnar og að trúbadorinn Halli Reynis varð til. „Þetta á nú einhverjar rætur í uppeldinu,“ segir hann. „Það var mikið spilað og sungið heima og ég lærði fyrstu gítargripin þegar ég var 11 ára. Alþýðutónlistin höfðaði snemma til mín. Ég hlustaði mikið á hana strax sem barn en einnig aðra tónlist. Ég saug eiginlega alla tónlist í mig og hún hefur alltaf höfðað mjög sterkt til mín. Textasmíðin kom aðeins seinna. Ég var 15 ára þegar ég samdi fyrsta textann minn og síðan hef ég stöðugt verið að semja. Haraldur afi minn og nafni var góður hagrörðingur og ég fór oft með textana mína til hans og las kveðskapinn fyrir hann. Yfirleitt samdi ég textana fyrst og fór síðan að raula þá. Hendurnar á mér voru nokkuð bundnar á þessum tíma vegna þess að ég hafði ekki náð nægilegri færni á hljóðfæri þótt gripunum sem ég kunni hafði fjölgað. Þegar ég hafði ná góðu valdi á fjórum til fimm gripum þá fór ég að semja á hljóðfærið og þá fóru lögin að koma.

Þetta kemur innan frá

Þegar Halli var 19 ára varð hann fyrir slysi sem varð til þess að hann gat ekki unnið um tíma og notaði þann tíma vel til þess að þjálfa sig í tónlistinni - sköpun hennar og flutningi. Segja má að þar hafi hann lagt grunn að því að tónlistin yrði hans aðalviðfangsefni. „Ég þurfti að vera mikið heima og hafði eiginlega ekkert fyrir stafni annað en að láta tím-ann líða. Ég varð að finna mér viðfangsefni og gítarinn stóð upp við vegg úti í horni. Ég greip hann og fór að spila og hef eiginlega ekki sleppt honum síðan.“ Halli segist aldrei hafa lært sérstaklega að semja að öðru leyti en að þjálfa tæknina við það. „Þetta kemur innan frá. Við getum kallað þetta náðargjöf en mér hefur alltaf fundist ég þurfa að sinna þessu. Þessi þörf lætur mig ekki í friði. Mér finnst erfitt að útskýra þetta en hugurinn er sífellt að leita og skapa.“ Halli bendir á að einn hafi þörf fyrir að mála, annar að skrifa bækur, sá þriðji að semja lög og texta, sá fjórði að stíga á svið og



Platan fékk einnig góða dóma og því lá alveg beint við að ég myndi gefa aðra plötu út. Þarna byrjaði ballíð sem stendur enn og nú er ég að vinna að mínum sjötta diski sem á að koma út í haust.

leika. „Ég verð að fá þess útrás. Ég barðist aldrei fyrir einu eða neinu heldur kom þessi þörf algerlega af sjálfu sér og eins eðlilega og hægt var að hugsa sér. Þetta er einfaldlega hluti af mínu lífi og ég er svo heppinn að geta starfað við þetta ágenga áhugamál mitt.“ Halli segir að slysið hafi orðið ákveðinn vendipunktur að þessu leyti í lífi sínu vegna þess að sá tími sem hann þurfti til þess að ná kröftum að nýju hafi nýst sér ákaflega vel í hinu tónlistarlega uppeldi. „Ég þurfti á einhverju að halda á meðan ég var að byggja mig upp eftir slysið og þá var ekkert nærtækara heldur en tónlistin. Þá opnaðist fyrir mér nýr heimur.“

Hlustaði á Slade en varð trúbador

Halli hefur alltaf lagt mikla rækt við textagerðina. „Upphafði varð líka í textasmíðinni,“ heldur hann áfram. „Hún rak mig áfram og beinlínis út í það að fara að semja tónlist. Mér finnst ég ekki hafa lokið neinu fyrr en textinn er endanlega tilbúinn.“ Um 1980 og þar á eftir gekk ákveðin bylgja yfir þar sem lagahöfundar fóru að leggja meiri þýðingu í textana og beina boðskap að áheyrendum. Hafði það áhrif á texta Halla Reynis, „Já, verulega,“ svarar hann. Menn voru að segja eitthvað með textum sínum. Þeir voru að fjalla um lífið og tilveruna, um þjóðfélagið og heimsbyggðina svo nokkuð sé nefnt. Ég varð fyrir miklum áhrifum af þessari bylgju og þau hafa fylgt mér.“ Hverjir voru fyrirmyndir þínar á þessum tíma? „Þær voru margar. Hörður Torfa hafði mikil áhrif á mig og einnig tónlistarmenn á borð við Magnús Eiríksson og Bubba Morteins, sem allir voru mjög virkir á þessum tíma og eru enn. Halli hefur einnig sótt sér fyrirmyndir út fyrir hið hefðbundna svið trúbadoranna. Hann segist hafa hlustað mikið á Slade þegar hann var yngri og einnig aðrar hljómsveit-

ir. „Tónlistarflóran heima var mjög fjölbreytt og hver hafði sinni smekk. Mamma hlustaði einkum á country tónlist, önnur systir mín á Slade og hin systirin á Spilverk þjóðanna. Þetta var ágæt blanda af Willy Nelson, Slade, Agli Ólafs og Diddú. Það skorti ekki fjölbreytnina. Melódíurnar voru líka sterkar og þær heilluðu mig fljótt eins og textarnir.“

Hörður horfði út um gluggann

En Halli gerði fleira heldur en að hlusta. Hann æfði sig stöðugt og bætti við kunnáttu sína og fimm árum eftir slysið var hann búinn að gera tónlistina að atvinnu. Hann er því búinn að semja, yrkja og flytja tónlist sína og texta í um einn og hálfan áratug. „Um þetta leyti hitti ég Hörð Torfa. Konan mín er ættuð úr Dölunum og við fengum hann til þess að koma með okkur vestur að Hjarðarholti í Dölum og spila við brúðkaup okkar. Ég læddi því að honum svona í framhjá hlaupi að ég væri að semja lög og texta og hann varð strax áhugasamur um að heyra það sem að ég væri að gera. Eftir þessa ferð vestur þá heimsótti ég Hörð og flutti fyrir hann ýmislegt af því sem ég hafði samið. Ég man að hann stóð við gluggann og horfði út á meðan ég var að spila og syngja og sagði ekki neitt. Ég man að ég varð stressaður og velti fyrir mér hvað hann væri að hugsa. Annað hvort væri þetta algerlega glatað hjá mér eða þá að hann myndi falla fyrir því sem ég var að flytja. Þegar ég hafði lokið flutningnum þá sagði hann mér að hann væri að vinna að plötu og að hann vildi fá mig til þess að leika undir með sér á plötunni. Ég sló að sjálf-sögðu til og það varð mjög dýr-mæt reynsla fyrir mig að fá tækifæri til þess að vinna með Herði og þarna lærði ég líka að vinna í stúdíói. Hann var þá að flytja heim frá Danmörku eftir að hafa

búið þar í mörg ár og hefja nýjan feril hér heima. Ég spilaði í tíu lögum á plötunni sem heitir Kveðja.“

Merkileg reynsla

„Þegar þarna var komið sögu hafði mig dreymt um að gefa einhver laga minna út en aldrei haft mig í það. En eftir að hafa unnið að þessu verkefni þá ákvað ég að hefjast handa og ári síðar var ég farinn af stað að vinna að fyrstu plötunni minni sem kom út 1993.“ Hvernig reynsla var að fá fyrstu útgáfuna sína í hendur? „Hún var mjög merkileg. Tónlistin fékk góðan tíma í útvarpi og þetta var alveg ný reynsla og einnig viðurkenning á því sem ég hafði verið að gera. Platan fékk einnig góða dóma og því lá alveg beint við að ég myndi gefa aðra plötu út. Þarna byrjaði ballíð sem stendur enn og nú er ég að vinna að mínum sjötta diski sem á að koma út í haust. Sumarfríð verður því ekki langt að þessu sinni.“

Myndast tengsl

Auk vinnu við undirbúning að hinum nýja geisladiski mun Halli fara eitthvað um landið og koma fram. Hann hefur farið um allt land og segist hafa spilað í flestum samkomuhúsum landsins. Þegar hann er spurður um hvort ferðalög um landið hafi meiri þýðingu en tónleikahald í höfuðborginni segir hann að eitt af því skemmtilegasta við að starfa sem

tónlistarmaður sé að hafa þann möguleika að fara um landið, heimsækja marga þessa frábæru staði á landsbyggðinni og flytja tónlist sína. Þessar ferðir séu gefandi á margan hátt. „Ég hef kynnst mörgu góðu fólki á ferðum mínum. Ég hitti oft sama fólkið aftur og aftur. Jafnvel ár eftir ár og það myndast tengsl sem erfitt er að lýsa í beinum orðum. Maður fer líka að bera ákveðnar tilfinningar til margra þessara staða. Þykja vænt um þá þótt maður eigi engar beinar rætur þar. Vestmannaeyjar eru mér ofarlega í huga að þessu leyti. Ég á hvorki ættarsögu þaðan eða atvinnusögu. Ég var aldrei á vertíð í Eyjum en hef tengst staðnum sterkum böndum í gegnum tónlistina. Og sama gildir um fleiri staði. Mér finnst einkonar forréttindi fólgin í því að fá tækifæri til þess að kynnast fólki út um land og tengjast byggðunum með þessum hætti.“ Halli segir að þetta byggist ef til vill á nálægð trúbadorsins við áheyrendur sem sé mun meiri en þegar hljómsveitir eiga í hlut. „Þegar maður er trúbador þá getur maður staðið upp með gítarinn og munnhörpuna og haldið tónleika. Það þarf ekkert meira. Ég þarf engin fimm tonn af græjum til þess að koma fram og ná til áheyrenda.“

Þá hlustaði öll þjóðin

Halli segir að plötusamningurinn muni ekki draga úr samskiptum sínum við landsbyggðina. Hann muni fremur auka þau og gefa sér frekari tækifæri til þess að fara út á land og spila. „Ég er að íhuga að fara hringinn í kringum landið í haust þegar diskurinn kemur út. Fylgja honum eftir með röð tónleika vítt og breytt.“ Hann svarar því aðspurður að fábreytnin úti á landi í samanburði við höfuðborgarsvæðið gefi tónlistarmanni aukin tækifæri. „Fólk hefur ekki um eins margt að velja. Samkeppnin er mun harðari hér og hraðinn meiri. Það er margt í boði og eftir því sem fjölmiðlarnir verða fleiri þá verður erfiðar að koma sínum skilaboðum í gegn.“ Halli vitnar í tónlistarmann sem hélt því einhverju sinni fram við hann að mun auðveldara hafi verið að koma tónlist á framfæri á meðan ein útvarpsstöð var hér á landi. En með hverju rökstuddi hann þessa skoðun sína. „Einfaldlega vegna þess að framboðið var svo lítið. Ríkisútvarpið skammtaði framboð af alþýðutónlist ákaflega naumt. Þetta var bundið við nokkra óskalagabætti sem voru sendir út í klukkutíma í senn einu sinni í viku og þegar eitthvert lag var spilað í óskalögum sjómanna þá hlustaði öll þjóðin og allir gripu lagið. Það var á hvers manns vörum eftir að hafa verið spilað einu sinni.“ Halli segir að verið geti að þjóðlagatónlist eins og hann byggir mikið á eigi greiðari aðgang að fólki úti á landi. „Mannlífið er með öðrum hætti á landsbyggðinni. Takturinn í þorpssálinni er annar en í Reykjavík.“

HÚSAVIÐGERÐIR

555 1947

www.husco.is

Sveitin mín heitir
Breiðholt

Halli er borinn og barnfæddur Breiðhyltingur og á engar rætur út á land aðrar en vera giftur konu úr Dölunum. Hann segir að einhverju sinni hafi sá kvittur komist á kreik að hann væri Skagamaður. Hann segist ekki vita hvernig þessi kvittur hafi farið af stað nema ef vera kynni vegna þess að hann og Orri Harðarson gáfu út plötu á sama tíma og einhver misskilningur hafi farið af stað um hver væri hvað og hvaðan. Alla vega hafi hann fengið Skagatitilinn á sig án þess að hafa nokkru sinni spilað fótbolta á Langasandi. „Þessi misskilningur var svo útbreiddur um tíma að ég íhugaði í alvöru að semja lag og texta um að ég væri ekki Skagamaður. Af þessu varð ekki en á næsta diskum verður lag sem heitir Sveitin mín heitir Breiðholt.“ En hvernig sé Halli Reynis þá sveit fyrir sér. Við skulum líta á hvernig hann túlkar sveitina Breiðholt:

„Sveitin mín heitir Breiðholt, þar hefur ég búið alla tíð,
hún byggðist upp af hugsjón,
löngu eftir stríð.
Móarnir voru grafnir upp, malbikað yfir allt
og milljón rúmmetra steypublokkirnar byggðar svo engum yrði kalt.

Ég man göturnar á milli húsanna sem geyma sporin mín
gráar og þreyttar húsmæður að öskra á börnin sín
Lífarnið í hverfinu sem var oftast tekið með stæl
ljótar og fallegar uppákomur,
fuglasöng og sírenuvæl.

Þú kemur úr sveit sem er allt öðruvísi en mín
þar er útsýni út á fjörð og tignar-



Halli Reynis flytur tónlist sína á tónleikum.

leg fjallasýn.
En efnishyggjan blæddi inn í þinn bláa fjallasal,
með blóðsugum að sunnan sem vita ekki aura sinna tal.

Ég man göturnar á milli húsanna ...
Hóllinn þinn er farinn sem þú hafðir mætur á.
Heimreiðin er læst og lítið ann-

að þar að sjá.
Þar er Breiðholtsbúi á jeppa, þar sem óðalssetur rís,
þar fær hann að vera kóngur og hann kallar það Paradís.

Ég man göturnar á milli húsanna ...“

Keðja og lás á heimreiðarnar

Þennan texta kemur Halli Reynis til með að syngja á diskum sem væntanlega kemur út í haust og á tónleikum vítt og breytt um landið í kjölfarið. Þannig sér hann sveitina fyrir sér en inn í textann blandast einnig sýn á þær breytingar sem sífellt verða algengari í hinum dreifðu sveitum landsins. Strákurinn sem eitt sinn var í sveit á sumrin hefur efnast í nýbylgju verðbréfanna og hefur keypt jörðina þar sem hann var eitt sinn kúasmali og sett lás fyrir heimreiðina svo enginn komist að paradís hans. Nokkuð sem tæpast þekktist til í hinum hefðbundnu sveitum áður. „Jarðirnar eru sem óðast að komast í hendur nýrakra borgarbúa og mér finnst eitt það hræðilegasta sem maður sér þegar maður ferðast um landið þegar búið er setja keðju og lás á heimreiðarnar. Einstaklingshyggjan er svo taumlaus og mér finnst varla hægt að gefa betur til kynna að þetta fólk vill ekki eiga samskipti við nágranna sína,“ segir trúbadorinn, borgarbarnið og sveitamaðurinn Halli Reynis sem kys að kalla Breiðholtið sveitina sína.

HÚSIÐ
FASTEIGNASALA
- heilshugar um þinn hag -

Suðurlandsbraut 50 • 108 Reykjavík
Sími: 533 4300 • Fax: 568 4094
www.husid.is • husid@husid.is

BÓKHALDSÞJÓNUSTA

- Bókhalðsþjónusta við lítil og meðalstór fyrirtæki og einstaklinga í rekstri
- Navision bókhalðskerfi
- Komum einnig og færum þitt kerfi
- Færsla og afstemming bókhalds
- Virðisaukaskattsuppgjör
- Launavinnsla og skilagreinar til lífeyrissjóða og félaga
- Skilagreinar á staðgreiðslu og opinberum gjöldum
- Skattframtöl og ársreikningar
- Stofnun fyrirtækja

Tölvu-Pósturinn
BÓKHALDSÞJÓNUSTA

Sími: 567 5080 / 820 0644
Netfang: tolvu-posturinn@internet.is

Vínbúðin Stekkjarbakka 6
er opin á laugardögum
frá kl. 11-18

LAUGARDAGSOPNUN VÍNBUÐA

11-18

Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

VÍNBUÐ
lífur, lærum & njötum

Handavinna í Seljahlíð

Íbúar Seljahlíðar héldu sýningu á handavinnu sinni á dögunum. Margt fallestu muna var á sýningunni og ljóst að bæði er að finna hugmyndaauðgi og hagleikshendur á meðal þeirra eldri borg-

ara sem þar deila samfélagi á efri árum. Á sýningunni gaf meðal annars að líta útsaum, leirmuni, kertagerð og fatahönnun svo nokkuð sé nefnd en sjón er sögu ríkari.



Hvaða bók/bækur ertu að lesa?



Einn nemenda minna í Ölduselsskóla, Þóra Björg Sigmarsdóttir, höfundur síðasta pistils, sýndi mér þann heiður að skora á mig í þennan leik og er mér bæði ljúft og skylt að taka þeirri áskorun.

Stundum er haft á orði að bók sé best vina. Ef til vill er þar nokkuð djúpt í árinni tekið en hitt veit ég að hver sá sem kemst upp á lag með að lesa sér til skemmtunar, fróðleiks og uppbyggingar eignast í bókinni ævifélaga sem aldrei bregst. Ég var svo heppin að læra þetta snemma og hafa bækur verið mér ómissandi æ síðan.

Í seinni tíð les ég einkum glæpasögur mér til hvíldar og afþreyingar og svo kallaðar fagurbókmenntir þegar ég vil hafa meira við auk ljóða, Íslendingasagna og bóka H.K. Laxness sem ég glugga reglulega í.

Í glæpasagnaflokknum kennir ýmissa grasa og væri að æra óstöðugan að telja þar allt upp. Þó vil ég geta nokkurra. Ég hef lengi haft dálæti á Minette Walters, Patriciu Cornwell og Svíunum Henning Mankell og Lisu Marklund. Allir þessir höfundar skrifa spennandi bækur með sálfræðilegu og/eða samfélagslegu ívafi og hafa margar bækur þeirra verið þýddar á íslensku. Þá eru íslensku glæpasögurnar ótalar en þar er Arnaldur Indriðason að mínu mati fremstur meðal jafningja þó ýmsir aðrir sækja jafnt og



Bryndís Halldóra Bjartmarsdóttir.

þétt í sig veðrið.

Ljóðabækur hef ég alltaf við hendina og á náttborðinu mínu um þessar mundir er úrval ljóða eftir Snorra Hjartarson, ótæmandi uppspretta fegurðar og speki og ljóðræns myndmáls sem fáir hafa leikið eftir og nýjasta bók Þorsteins frá Hamri, en hann var og er öndvegis ljóðskáld sem bara batnar með hverri bók og hverjum lestri.

Þá vil ég geta sérstaklega tveggja bóka sem ég hef lesið nýlega. Önnur er Viktoría ákveður að deyja eftir Paulo Coelho sem ég las í annað sinn um síðustu jól og nú í afbragðs þýðingu Guðbergs Bergssonar. Viktoríu voru gerð skil á þessum vettvangi nýverið

og ætla ég því ekki að hafa um hana mörg orð en þvílíkan óð til lífsins í öllum þess myndum hef ég sjaldan lesið. Stórkostleg bók, ætti að vera skyldulesning allra, ekki síst ungmenna.

Í síðustu viku lauk ég lestri Flugdrekahlauparans eftir Khaled Hosseini. Bókin er „tær snilld“ eins og unglingarnir segja. Söguþráðurinn er æsispennandi en þrátt fyrir hrollvekjandi lýsingar á atburðum og ástandi er bókin full af hlýju og húmor í bland við ást, sorg og söknuð sem höfundur gerir slík skil að lesandinn stendur á öndinni. Og þó umhverfi og menning sé framandi, Afganistan fyrir og eftir innrás Rússa, hefur efnið skírskotun langt út fyrir tíma og rúm og minnir á að „Hjörtum mannanna svipar saman í Súdan og Grímsnesinu“ eins og Tómas sagði forðum.

Nú er mál að linn. Tvær bækur enn eru þó á náttborðinu mínu. Önnur er Gæfuspor Gunnars Hersveins. Lífsspeki sem auðgar andann. Hin er Draumalandið hans Andra Snæs Magnasonar sem ég er rétt að byrja á en lofað afar góðu.

Að lokum vil ég skora á samstarfsskonu mína og vinkonu, Elínu Ástu Hallgrímsson, að skrifa næsta pistil. Veit að þar er af nógu að taka enda hefur hún stundum gaukað að mér bók og/eða hugmyndum að lesningu sem aldrei hefur brugðist.

Þjóðdansafélagið með afmælisboð í Mjóddinni

Þjóðdansafélag Reykjavíkur verður 55 ára á morgun föstudaginn 16. júní. Af því tilefni hefur verið ákveðið að gefa félögum tækifæri til þess að koma saman kl. 20.00 annað kvöld í sal félagsins við Álfabakka 14 í Mjóddinni í Breiðholti þar sem boðið verður upp á kaffi og léttar veitingar.

Á þeim 55 árum sem Þjóðdansafélagið hefur starfað hefur meginhlutverk þess ætíð verið að kanna og kynna þjóðdansa sem hluta af menningararfi þjóðarinnar. Þjóðdansar hafa lifað um aldir þótt á tímum hafi verið reynt að útrýma þeim af samfélags- og einkum trúarlegum ástæðum. Bendt Pedersen, formaður félagsins, segir að raunverulega hafi Færeyingar varðveitt þessa menningararfleifð með því að dansa á laun þegar hvað harðast hafi verið gengið fram í því að kveða alla skemmtun niður og dansarnir síðan breiðst út til Norðurlandanna að nýju.

Í gegnum tíðina hefur Þjóðdansafélag Reykjavíkur haldið fjölda sýninga, bæði í einkasamkvæmum, í Arbæjarsafni og ekki síst fyrir erlenda ferðamenn. Félagið hefur einnig staðið fyrir norrænum þjóðdansamótum og verður eitt slíkt haldið hér á landi dagana 3. til 12. júlí næst komandi. Bendt Pedersen segir að þetta áhugamál tengi fólk mikið saman. Sama fólkíð hittist aftur og aftur á þessum mótum og hluti þessa tíma sem mótin standi séu einskonar sumarleyfi fyrir það. Þjóðdansafélagið tekur mikinn þátt í erlendu samstarfi sem einkum nær til Norðurlandanna og hafa félagar farið mörgum sinnum á þjóðdansamót erlendis. Sum þessara móta eru mjög fjölmenn og sýnir það hversu mikill áhugi er fyrir þjóðdönsum á Norður-



Félagar í Þjóðdansafélagi Reykjavíkur á æfingu í síðustu viku. Bendt Peterson formaður og Helga Þórarinsdóttir danskennari eru fyrir miðju á myndinni.

löndunum. „Þetta er mikilvægur þáttur í starfi okkar bæði hvað varðar dansinn og einnig félagslífið sem þessi samskipti gefur af sér,“ segir Bendt en bendir jafnframt á að öll starfsemi félagsins sé borin uppi af því áhugafólki sem taki þátt í starfi þess.

Annar þáttur í starfi þjóðdansafélagsins er útleiga á búningum sem fólk notar við hin ýmsu tækifæri. Félagið leigir m.a. út íslenska búninga auk annarra. Að sögn

Helgu Þórarinsdóttur danskennara, sem starfað hefur með félaginu til margra ára segir að þessi þáttur í starfsemi þess hafi færst mikið í vöxt að undanfögnu. Vinsælt sé að nota þjóðbúninga og aðra búninga við tækifæri á borð brúðkaup og fermingar en fólk veigri sér við að koma sér upp slíkum fatnaði til þess að nota e.t.v. aðeins við eitt tækifæri.

Týndur köttur

Kisan mín sem er læða týndist 20. maí sl. frá Engjaseli 84. Þetta er innikisa sem datt niður af 3. hæð. Hún er hvít með svart skott og svart á höfði. Hún var ekki með ól. Ef einhver hefur orðið var við hana vinsamlegast hafið samband í síma 8668311, Ása.



Landbúnaðarvörur aðeins 5-6% af útgjöldum fjölskyldunnar

„Bændur eru langþreyttir á því að vera kennt um allt sem aflaga fer í verðlagsmálum á Íslandi. Söngurinn um að verð landbúnaðarafurða sé helsta vandamál íslenskra heimila hefur dunið í eyrum um áralangt skeið. Verðbólgu og aukinn kaupmátt á helst að leysa í einu vetfangi með því að afnema tolla á innfluttum landbúnaðarafurðum. Málið er bara ekki svona einfalt,“ segir Sigurgeir Þorgeirsson, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands í samtali við Breiðholtsblaðið.

„Það deilir enginn um að verð á íslenskum landbúnaðarafurðum er hátt og verður það alltaf. Ytri aðstæður eru einfaldlega þannig. Sumarið er stutt og svalt og vetur langir. Fóðurkostnaður er því hár og byggja þarf yfir búféð,“ segir hann. „En það er dýrt að búa á Íslandi. Það er sama hvar gripið er niður. Á því eru margar mjög eðlilegar skýringar. Landið er afskekkt og stórt en markaðurinn lítill. Flutningskostnaður er hár, laun, vextir og virðisaukaskattur sömuleiðis. Allt hefur þetta áhrif á verðmyndun. Staðreyndin er hins vegar sú að einungis um 5-6% útgjalda íslenskra fjölskyldna fara til kaupa á innlendum landbúnaðarafurðum, þ.e. mjólkurafurðum, kjöti og grænmeti. Einhverra hluta vegna verða þessar vörur aftur og aftur að skotsþæni í umræðunni um dýrtíð á Íslandi. Hvað með öll önnur útgjöld fjölskyldunnar? Ég held að það geti varla verið tilviljun hvernig umræðunni um þessi mál hefur verið stýrt.“

Lítill gagnrýni á almennt verðlag

Þegar hann er spurður nánar út í þau ummæli að varla sé um tilviljun að ræða vísar hann til yfirlýsinga ýmissa hagsmunaaðila. „Það hefur ekki staðið á talsmönnum ákveðinna afla í landinu að skattyrðast út í bændur en það hefur minna farið fyrir almennri gagnrýni þeirra á hátt verðlag í landinu,“ segir Sigurgeir.

Hann segir umræðuna um frjálshann innflutning erlendra landbúnaðarafurða ekki nýja af nálinni. Hún skjóti gjarnan upp kollinum í kjölfar samanburðarkannana, þar sem verðlag á Íslandi er borið saman við verðlag í öðrum löndum. Þrátt fyrir að slíkar kannanir séu undantekningalítið Íslandi í óhag virðast niðurstöður þeirra falla í gleymiskunnar dá í hugum neytenda á tiltölulega skömmum tíma.

Umræðan deyr jafnharðan

„Hver kannast ekki við samanburð á verði fatnaðar, leikfanga, snyrtivara, heimilistækja og fleiri vöruflokka þar sem munurinn hleypur á tugum og jafnvel hundruðum prósent,“ segir Sigurgeir. „Þetta vekur athygli í skamma stund en svo deyr umræðan jafnharðan. Þessu er öðru vísi farið með landbúnaðarafurðirnar. Þar hafa ákveðnir aðilar beinan hag af því að halda umræðunni vakandi til að þrýsta á að innflutningur verði gefinn frjálsh.“



Sigurgeir Þorgeirsson, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands.

En þurfa íslenskir bændur að hafa áhyggjur þótt tollar yrðu afnumdir? Sigurgeir segir fulla ástæðu til þess að hafa áhyggjur. „Ekkert land í Norður-Evrópu þolir óverndaða samkeppni við ódýrustu afurðir á heimsmarkaði. Nágrannar okkar eru heldur ekkert á þeim buxunum að fella niður tollavernd. Samt eru aðstæður þar að mörgu leyti hagfelldari en hér. Hví ættum við þá að stíga þetta skref? Hitt er svo annað mál, að ég trúi því að neytendur hér séu tilbúnir að kaupa flestar íslenskar búvörur á eitthvað herra verði en innfluttar. Reynslan af íslenska grænmetinu er e.t.v. skýrasta dæmið um vilja neytenda.“

Fiskur og brauðmeti dýrt

Sigurgeir bendir á margt sé dýrt hérlandis án þess að búvörur eigi þar nokkurn þátt að máli. Af hver-

ju er brauðmeti hvergi dýrara í Evrópu en hér? Hráefnið ber litla tolla. Og af hverju er fiskur á Íslandi eins dýr og raun ber vitni? Það er óviða herra fiskverð í Evrópu en hér. Stundum við ekki fiskveiðar með hagkvæmasta hætti sem um getur? Þessum spurningum og fleirum af sama toga þarf að svara líka. Það er ekki nóg að beina kastljósinu eingöngu að verðlagningu og verðmyndun á íslenskum landbúnaðarafurðum,“ segir Sigurgeir.

Nýjar hagtölur gefa til kynna að matvöruverð hafi hækkað um 12% undanfarna 12 mánuði. Hvaða skýringar telur Sigurgeir vera á þeirri þróun? „Við getum ekki horft framhjá því að gengi krónunnar hefur lækkað umtalsvert á árinu. Það leiðir óhjákvæmilega til hækkunar á innfluttum vörum. En skýringarnar eru að mínu viti

fleiri. Um þetta leyti í fyrra ríkti hér verðstríð milli stórmarkaða. Verðlækkanir sem þá urðu hafa verið að ganga til baka. Til dæmis sé ég núna, að mjólkurvörur hækka umtalsvert milli mánaða, þótt ég viti að engar hækkanir hafa orðið frá mjólkursamlögunum. Á Stór-Reykjavíkursvæðinu eru um 70 verslanir og fer fjölgaandi, sem reknar eru af matvælarisunum tveimur sem hafa nánast skipt markaðnum á milli sín. Það þarf enga kjarneðlisfræðinga til að sjá að rekstrarkostnaðurinn hlýtur að aukast umfram fjölgun viðskiptavina. Það hlýtur aftur að skila sér út í verðlagið. Gæti ein skýringin á vöruverðinu verið of-fjárfesting í verslunarhúsnæði?“ spyr Sigurgeir.

Víða pottur brotinn

Talið berst að lokum að nýlegri umræðu um verðlagningu samheitalyfja hér á landi og í Danmörku. Um hana urðu nokkuð snörp skoðanaskipti á síðum dagblaða fyrir skömmu. „Landlæknisembættið benti nýverið á að verð á samheitalyfi, framleiddu af íslensku fyrirtæki, væri allt að tólffalt herra hérlandis en í Danmörku. Það eru engar landbúnaðarafurðir í þessu lyfi. Við getum haldið endalaust áfram og t.d. vísað í athyglisverða grein í Viðskiptablaðinu nýverið, þar sem 450% verðmunur var sagður á samskonar baðvaski í þekktri íslenskri byggingavöruverslun og sambærilegri verslun í Bandaríkjunum. Landbúnaður kemur þar hvergi við sögu heldur. Verðlag á Íslandi er hátt, sama á hvaða sviði gripið er niður. Það er verðugt rannsóknarverkefni. Bændum sviður því eðlilega að sitja undir því að verð á íslenskum landbúnaðarafurðum sé fyrsta og eina undirrót þess að verðlag er hátt hérlandis. Vandinn liggur annars staðar,“ segir Sigurgeir Þorgeirsson, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands.

SVAMPBURSTAR BYLTINGARKENND NÝJUNG Í BÍLAÞVOTTI Á ÍSLANDI

LÖÐUR KYNNIR FRÁBÆRA ÞJÓNUSTU Í NÝRRI KYNSLÓÐ BÍLAÞVOTTASTÖÐVA.

- Betri meðferð á bílnum með mjúkum og fleyglaga burstaendum.
- Bónið endist lengur og bíllinn verður áberandi hreinn og glansandi með úrvals hreinsiefnum og sápum.
- Alvöru bílaþvottastöð sem ræður við flestar stærðir bíla.
- Nánast engin bið eftir þvotti, afkastagetan er allt upp í 60 bílar á klukkustund sem er mun meira en hjá hefðbundnum stöðvum.

Opið virka daga kl. 8-19 og um helgar kl. 10-18

Fullkomnasta þvottastöðin á Íslandi er í Bæjarlind 2, kjallara

Tökum bíla á 35x12,5 tommu dekkjum

Gældu við bílinn með léttum og mjúkum svampburstum aaaahhhhhh!

miðstöð bílaunnenda
sími 544 4540 | www.lodur.is



Skrúðganga leikskólanna á morgun

Allir leikskólarnir fimm í Seljahverfi, sem reknir eru af Menntasviði Reykjavíkurborgar; Hálsaborg, Hálsakot, Jöklaborg, Seljaborg og Seljakot, fara í sína árlegu skruðgöngu föstudaginn 16. júní næstkomandi.

Börn, foreldrar og kennarar munu hittast fyrir utan leikskólana Hálsaborg og Hálsakot klukkan 10:30 og ganga fylktu liði niður að Seljahlíð og syngja fyrir þá eldri borgara sem þar búa undir leik lúðrasveitar. Þess næst verður

ur gengið að tjörninni í Seljahverfi. Söngurinn og hljóðfæraleikurinn mun duna allan þennan tíma. Að lokum munu allir fara aftur á sinn leikskóla, þar sem þétt og skemmtileg dagskrá mun taka við.

Saman í bíl og minni kostnaður

Skutla ehf. er fyrirtæki sem nýverið hóf að bjóða nýja lausn í samgöngumálum miðbæjarins um helgar. Björn Þorvarðarson talsmaður Skutlu segir þessa nýjung virka á þann hátt að fólk sem eigi leið í sama hverfi sé sameinað í bíla og með því fáiast betri nýting á bílunum auk þess sem hver farþegi greiði lægra gjald en áður hafi þekkt.

Björn segir Skutlu vera í samstarfi við fyrirtæki sem hafa öll leyfi til aksturs með fólk gegn gjaldi og því sé ekki um nein lögprot af þeirra hálfu að ræða. „Við erum með aðstöðu í gömlu strætóbíðstöðinni við Lækjartorg, þar sem fólk kemur inn og starfsmenn Skutlu skrá niður hvert viðkomandi vill fara,“ segir Björn og bætir við að vegna mikillar eftir-



Hluti bílaflotans.

spurnar eftir bílum á þessum tímum fyllist hver bíll hratt. Því sé

engin þörf á föstum brottfarartímum eða lágmarksfjölda í bíl.

***borgar-
blod.is***

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími: 511 1188 & 895 8298

Listmunir og handavinna félagsstarfsins í Gerðubergi

Sýning var á listmunagerð og handavinnu fólks í félagsstarfi eldri borgara í Gerðubergi á dögunum. Margt athyglisverðra muna var á sýningunni og vinnur fólk

með ýmiskonar efni. Má nefna postulínsmálum, myndlist, útsaum, tréskurð og fleira auk ríkrar hugmyndaauðgi þátttakendanna í félagsstarfinu



ÞÚ FÆRÐ RÉTTU SLÁTTUVÉLINA Í GARÐHEIMUM

OG HÚN PASSAR BÆÐI FYRIR GRASFLÖTINA OG BUDDUNA!

VINSÆLASTA
RAFMAGNSSLÁTTUVÉLIN

TILBOÐ

Fyrir allt að 400 m2 grasflöt

- 1000W rafmótor
- 27 ltr. grassafnari
- 33 sm. sláttubreidd
- stillanleg sláttuhæð

Raser R350

12.980kr

VINSÆLASTA
BENSÍNSLÁTTUVÉLIN

TILBOÐ

Fyrir allt að 1200 m2 grasflöt

- 3,5 hð. Briggs & Stratton
- 55 ltr. grassafnari
- 46 sm. sláttubreidd
- góðar hjólaýftur
- þægilegt handfang

Raser 484-B

27.950kr

FYRIR HÚSFÉLÖG OG STÓRAR LÓDIR

TILBOÐ

- 5 hð. Briggs & Stratton
- með drifi
- 60 ltr. grassafnari
- 51 sm. sláttubreidd
- vandaðar hjólaýftur
- stillanlegt handfang

Trend 534 TR-B

54.950kr

GARÐHEIMAR

allt í garðinn á einum stað!

Stekkjarbakka 6 - 540 3300
www.gardheimar.is

Krökkum finnst skólafatnaður þægilegur þegar þau hafa vanist honum

Nokkur umræða hefur orðið að undanfögnu um hvort innleiða beri sérstakan skólafatnað í grunnskólum hér á landi. Upphaf umræðunnar má rekja til fjölskyldunefndar sem sett var á laggirnar af ríkisstjórninni í framhaldi af áramótaávarpi Halldórs Ásgrímssonar, forsætisráðherra á gamlársdag 2004 þar sem hann vék að stöðu fjölskyldunnar. Í framhaldi af skipan nefndarinnar var ákveðið að fá Ólöfu Pálínu Úlfarsdóttur, kennara og námsráðgjafa í Breiðholtsskóla, til þess að kanna kosti og galla þess að innleiða skólafatnað í ljósi þessara umræðna. Hún hefur nú skilað álitserð um málið.

Í hverjum skóla fyrir sig

Ólöf Pálína segir ýmis rök mæla með því að innleiða skólabúninga en einnig megi finna mótrök í því efni. Í því sambandi skipti miklu hvernig lítið sé á félagslegan jöfnuð og hvernig hinu faglega andrúmslofti sé háttað innan viðkomandi skóla. Hún gengur út frá því í álitserð sinni að innleiðing skólafatnaðar verði á grundvelli hvers skóla en einnig að hugsanlegt sé að tiltekin skólahverfi eða sveitarfélög geti tekið sig saman og einnleitt skólafatnað. Hún segir auðvelt að láta reyna á notkun skólafatnaðar innan hvers skóla og aðlaga þessa nýjung starfsemi og hefðum á hverjum stað sé vilji og samstaða foreldra fyrir hendi. Þá sé einnig hægt að þreifa sig áfram og sníða af galla sem geti komið fram við breytingar sem þessar.

Dregur úr félagslegum þrýstingi

Ólöf Pálína segir að skólafatnaður geti dregið úr félagslegum þrýstingi um að börn gangi alltaf í nýjustu fatatísku og þar af leiðandi úr samkeppni um hvernig

þau séu klædd á hverjum tíma. Þetta dragi m.a. úr því að ákveðnir hópar eða klíkur geti myndast vegna tísku eða klæðaburðar nemenda. Fatnaður geti verið dýr í innkaupum, einkum tiltekin tiskumerki og misjafnt sé hversu rúm ráð foreldrar hafi til þess að kaupa fót á börnin. Að þessu leyti geti efnahagur fólks ráðið miklu um hvort börn þeirra lendi í þessum hópnum eða hinum eða jafnvel orðið fyrir einelti í skólanum vegna klæðaburðar. Hún segir að margir foreldrar hafi tekið þessum hugmyndum af áhuga og sé umhugað um að reyna þær. Vissulega séu skoðanir skiptar eins og alltaf verði í jafn róttæku máli. Hún segir að í athugun sinni fyrir fjölskyldunefnd hafi komið fram að fjárhagur foreldra og geta til fatakaupa sé veigamikill þáttur í því hverju börnin klæðist. Í rannsóknnum sem hún hafi athugað; m.a. í rannsókn Stefáns Ólafssonar og Karls Sigurðssonar komi fram vísbendingar um að fátækt á meðal barna sé ívið algengari hér á landi en annarsstaðar á Norðurlöndunum og að fátækt barna einstæðra foreldra sé algengari en barna sem alast upp hjá fjölskyldum með tvær fyrirvinnur. Ólöf Pálína bendir á að í Bandaríkjunum sé talið að notkun skólafatnaðar dragi úr ofbeldi og einnig þjófnaði nemenda til þess að komast yfir tiskufatnað og hætta á að hópar og klíkur geti auðkennt sig með sérstökum fatnaði hverfi. Skólafatnaður auki á aga nemenda og hjálpi foreldrum og nemendum að takast á við félagslegan þrýsting sem og að auka áhuga á námi. Þá megi benda á að skólafatnaður geti virkað sem öryggisnet fyrir skólasamfélagið þar sem þeir sem ekki klæðast slíkum fatnaði séu ekki hluti af því samfélagi og geti því verið í erindisleysu eða óeðlilegum tilgangi innan viðkomandi skóla.



Ólöf Pálína Úlfarsdóttir, kennari og námsráðgjafi í Breiðholtsskóla, van álitserð um kosti og galla skólafatnaðar fyrir fjölskyldunefnd.

Formlegheit eða sköpunargáfa

Þeir sem gagnrýna notkun skólafatnaðar telja að ekki eigi að hefta fólk til þess að klæðast þeim fötum sem það vill. Einnig hefur verið bent á að skólafatnaður auki ekki námsárangur og geti jafnvel haft öfug áhrif. Ólöf Pálína segir mismunandi sjónarmið ríkjandi að þessu leyti. Sumum finnist skólafatnaður dýr og benda á að engin not séu fyrir hann fyrir

utan skólans og efist því um gildi þess að með skólafatnaði sé verið að draga úr mismunum eftir efnahag foreldra. Þá séu skiptar skoðanir um hvort verið sé að leggja meiri áherslu á formlegheitin en sköpunargáfuna með skólafatnaði.

Góð reynsla

Fimm grunnskólar og fjórir leikskólar hér á landi hafa tekið upp skólafatnað auk þess sem skóla-

peysur með merki skólans hafi verið til sölu í nokkrum grunnskólum án þess að foreldrafélögin hafi bundist samtökum um að börnin klæðist þeim á hverjum degi. Það eru foreldrafélögin í hverjum skóla sem oftast hefja umræðuna um innleiðingu skólafatnaðar í sínum skóla. Ef samstaða næst og meirihluti foreldra er því samþykktur þá koma þeir því áleiðis til skólastjórnenda. Ólöf Pálína segir að gert sé ráð fyrir að árlegur kostnaður vegna skólafatnaðar fyrir hvern nemenda fyrir einar buxur, bol og flíspeysu geti verið á bilinu sex til sjö þúsund krónur og sé þá miðað við að fatnaðurinn sé seldur á kostnaðarverði. Hún segir að sú reynsla sem fengin er af notkun skólafatnaðar hér á landi sé almennt mjög jákvæð. Mikill meirihluti foreldra sé sáttur við hann og áhugi á skólafatnaði í unglingadeildum fari vaxandi. Benda verði á að skólafatnaðurinn sé ekki skylda heldur um frjálst val að ræða. Engu að síður velji lang flestir nemendur að ganga í skólafatnaðinum.

Skólafatnaður skapar liðsheild

En hver er árangurinn að mati þeirra sem reynt hafa notkun skólafatnaðar. Ólöf Pálína segir nokkuð samdóma álit skólafólks að hegðun barna hafi batnað til muna og að skólafatnaðurinn hafi aukið sjálfstraust margra nemenda. Skólafatnaðurinn skapi liðsheildir og nemendur einblíni meira á vinnu sína eftir að þeir hafi vanist honum. Þeir þurfi ekki að hafa áhyggjur af tiskustraumum og sérstaklega megi benda á að í hverju mánuði sé einn frjáls dagur þar sem ekki sé ætlast til að nemendur komi í skólafatnaði. Engu að síður sýni reynslan að allt að helmingur þeirra komi í skólafatnaðinum á frjálsum dögum. Krökkunum finnist skólafatnaðurinn greinilega þægilegur þegar þau hafa vanist honum.



Nemendur í Ártúnsskóla í peysum merktum skólanum sínum.

SMUR- & DEKKJAFJÓNUSTA BREIÐHOLTS

JAFNASALI 6 • EFRA BREIÐHOLTÍ (FYRIR NEÐAN SKÍÐABREKKUNA)

Ný og sóluð dekk á góðu verði

Höfum einnig opnað bifreiðaverkstæði.

Allar almennar viðgerðir, stórar og smáar.

Fljót og góð þjónusta.

Sími 587 4700
Fax 587 4712



LISTASAFN ÍSLANDS

BIRGIR ANDRÉSSON STEINGRÍMUR EYFJÖRÐ

OPIÐ DAGLEGA, KL. 11 – 17, LOKAÐ MÁNUDAGA

ÓKEYPIS AÐGANGUR
FREE ADMISSION



LISTASAFN ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY OF ICELAND

Skólaslit í FB

Fjölbrautaskólanum í Breiðholti var slitið miðvikudaginn 24. maí í Íþróttahúsi FB. Í yfirlitsræðu Kristínar Arnalds, skólameistara, kom fram að þetta er í sextugasta og fimmta sinn sem nemendur eru útskrifaðir frá skólanum. Nú voru 188 loka-prófsskírteini afhent, 91 skírteini á starfsnámsbrautum og 97 stúdentsprófsskírteini. Á skólaárinu hafa þá verið afhent 304 lokaprófsskírteini. Bestum árangri á stúdentsprófi nú náði Hjalti Magnússon sem lauk stúdentsprófi af náttúrufræðibraut með meðaleinkunnina 9,36 .

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti er fjölbreyttur skóli með mikið úrval námsbrauta. Við þessa athöfn var fimm hundruðasti húsasmiðurinn útskrifaður; Andri Geir Jónasson og einnig fimm hundruðasti rafvirkinn; Steingrímur M. Bragason. Þá er vert að geta þess að í hópi rafvirkja voru nú fjórar konur.

Starfsmenn og nemendur FB fögnuðu þrjátíu ára afmæli skólans á haustdögum og er það gleðiefni á þessum tímamótum að

framundan er bygging þjónustubyggingar við skólann sem mun gerbreyta aðstöðu nemenda og annarra í framhaldi af því.

Á haustönn mun svokölluð „sjúkraliðabré“ taka til starfa en henni er ætlað að greiða leið ófag-lærðra starfsmanna heilbrigðisstofnana til faglegra réttinda. Þá mun viðskipta- og hagfræðibraut ganga í endurnýjun lífdaga eftir endurskipulagningu og markvissa undirbúningsvinnu. Þannig eru námsleiðirnar í stöðugri mótun í síbreyttum heimi.

Kristín Arnalds, skólameistari, vék að því í ræðu sinni hve alvarlegt vandamál brottfall er að verða í skólakerfinu. Nemendur vinna flestir önnur störf með náminu og er oft erfitt að greina, hvort fær meiri athygli, námið eða brauðstritið. Þessari þróun þarf að snúa við, með öllum til-tækum ráðum, að mati Kristínar. Þar eru ýmsar leiðir færar en skólameistari undirstrikaði að henni hugnaðist betur að nálgast verkefnið með hvatningu og umbun en með refsingum og hörku. Þetta verður eitt megin-



Hluti útskriftarnemenda úr FB.

verkefni skólastjórnenda næstu árin.

Mikið þróunarstarf er unnið í FB og hafa skólanum verið veittir ýmsir styrkir frá menntamála-ráðuneyti til þeirra verkefna. Þá er skólinn þátttakandi í hinum ýmsu evrópsku samstarfsverkefnum, sem m.a. gefa nemendum og

kennurum kost á að heimsækja kollega í útlöndum og bjóða þeim hingað heim. Þetta samstarf er öllum mikil hvatning.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti á sér marga góða bandamenn og stuðningsaðila. Skólanum bárust að venju góðar gjafir frá ýmsum þeirra og má þar nefna Samtök

iðnaðarins, Soroptomistaklúbb Hóla og Fella, Rotaryklúbb Breiðholts, danska, kanadíska og þýska sendiráðið, Gámapjónustuna, Stærðfræðifélagið, Reykjavíkurdeild Sjúkraliðafélags Íslands, Íþróttasamband Íslands og Gídeonfélagið.



Dúx skólans á stúdentsprófi, Hjalti Magnússon.

Úr jurtaríkinu - komin út

Bókaútgáfan Hólar í Breiðholti hefur gefið út bókina Úr jurtaríkinu eftir Bjarna E. Guðleifsson náttúrufræðing á Möðruvöllum í Hörgárdal. Í bókinni er fjallað í einföldum og auðskildum texta um ýmis fyrirbæri í náttúrunni, t.d. villijurtir á borð við fjólu, gleym-mér-ei, eyrarós og holtasóley og einnig um nytjajurtir eins og korn, kartöflur, te, epli og lakk-rísjurtina. Þá er í bókinni kaflir

um plöntusálfræði sem vafalítið varpar skýrara ljósi á ýmislegt í fari plantna.

Úr jurtaríkinu er 149 blaðsíður og er hún önnur bók Bjarna í bókaflokknum Náttúruskoðarinn. Sú fyrsta heitir Úr dýraríkinu og kom hún út á síðasta ári. Bjarni hefur á undanförunum árum ritað eitt og annað um náttúruvísindi og einnig flutt áhugaverð útvarpserindi úr þessum málaflokki.

Starfsfólk óskast

Okkar videó Seljanraut óskar eftir starfsfólki í kvöld- og helgarvinnu. Upplýsingar í síma 587 9918 og 862 8128

HÚSAVIÐGERÐIR

555 1947
www.husco.is

Edda Heiðrún borgarlistamaður

Edda Heiðrún Backman, leikara og leikstjóri hefur verið útnefnd borgarlistamaður Reykjavíkur 2006. Útnefning borgarlistamanns er heiðursviðurkenning til handa reykviskum listamanni sem með listsköpun sinni hefur skarað fram úr og markað sérstök spor í íslensku listalífi. Edda Heiðrún Backman hefur

staðið í fararbroddi sviðslistamanna á Íslandi allt frá því hún lauk námi í Leiklistarskóla Íslands árið 1983. Hún lék sitt fyrsta hlutverk hjá Leikfélagi Reykjavíkur sama haust, hlutverk Árdísar í Hart í bak eftir Jökul Jakobsson. Skömmu síðar kom hún skemmtilega á óvart fyrir ótrúlega hæfileika í gamansamri leiktúlkun og söng í hlut-

verki Auðar í sýningu Hins leikhússins á Litlu hryllingsbúðinni. Æ síðan hefur hún verið ein af ástsælustu leikkonum. Á síðustu árum hefur hún einnig haslað sér völl sem hæfileikaríkur leikstjóri og sett upp eftirtektarverðar sýningar í Þjóðleikhúsinu, Borgarleikhúsinu og hjá Leikfélagi Akureyrar.

30% afsláttur
gildir út júní

Tilboðið gildir í Lyfjaval Mjódd og Lyfjaval Hæðasmára



Lyfjaval
APÓTEK

Lyfjaval Mjódd - Lyfjaval Hæðasmára 4, Kópavogi

Hverjir eru bestir?

Garðar Gunnar Ásgeirsson þjálfari Leiknis Football Club hefur verið að gera góða hluti með liðið að undarförnu. Leiknir eru komnir í fyrstu deild á meðan ÍR eru ennþá í annarri deild. Hér kemur smáspjall við Garðar um velgengni Leiknis og piltanna í liðinu:

Leikni hefur gengið mjög vel í ár, hvað gerðuð þið öðruvísi í ár, með æfingarnar og keppnisaðferðirnar?

„Við höfum alltaf reynt að vera skipulagðir og lagt okkur 100% fram í hvern leik, við reynum að haga öllum undirbúningi eins í hvert skipti og skiptir þá engu hvaða leik við erum að fara að spila. Eini munurinn á þessu ári og öðrum er að á undirbúnings-tímabilinu fórum við í bootcamp með strákana í staðinn fyrir hefðbundin hlaup og lyftingar og var það mjög gaman, mikil tilbreyting og þjappaði hópnum vel saman.“ sagði Garðar. En fyrir þá sem vita ekki hvað Bootcamp er, þá eru það æfingar sem að minna helst á heræfingar. Og það er ekki annað að segja en að Bootcamp er að virka.

Leiknispiltarnir eiga auðvitað stærsta þáttinn í sigrum liðsins, og þá verður auðvitað að spyrja hvort að þjálfarinn sé ekki stoltur af strákunum sínum, og hvernig honum finnst þeim hafa gengið á þessu leikári:

„Hvernig finnst þér piltunum hafa gengið? Þeir eru að ég held nokkuð sáttir en hefðu viljað vera með fleirri stig, því við töp-



Garðar Ásgeirsson þjálfari Leiknis með dætrum sínum Ingibjörgu Erlu og Írisi Eddu og myndin að sjálf-sögðu tekin við markið á Leiknisvelli í Breiðholti.

uðum fyrir Fram þar sem við áttum a.m.k. eitt stig skilið og svo klúðruðum við unnum leik niður í jafntefli á móti Víking Ó. og þ.a.l. ættum við að vera með 10 stig, en svona er þetta og við verðum að berjast fyrir hverju einasta stigi þar til dómariinn flautar til

leiksloka.“

Flestir áhugamenn um fótbolta eru ábyggilega mjög forvitnir að komast að því sem fram fer í búningsklefanum og ég sá þarna allveg fullkomið tækifæri til að komast að því og Garðar sagði:

„Á æfingum er mikið grínast í

búningsklefanum, er oft mikið fjör þá og grínast drengirnir með allt saman, gera mikið at í hvor öðrum og annað slíkt. Fyrir leiki förum við yfir málin, bæði andstæðingana og okkur og þá er allvaran í fyrirrúmi.“

Allir íþróttþjálfarar hafa væntingar til liðsmanna sinna en hvaða væntingar hefur Garðar til Leiknismanna og hvert stefnir Leiknir?

„Ég hef þær væntingar að hver og einn mæti á allar æfingar og leggi sig eins mikið fram og þeir geta í hvert skipti. Við ætlum okkur að halda okkur uppi í deildinni og tryggja okkur í sessi sem 1. deildarfélag.“

Leiknismenn æfa 4 til 5 sinnum í viku og oftast nær er einn leikur í viku eftir alla þjálfunina.

Garðar er án efa upptekin maður og ég vildi vita hvernig er dagurur í hans lífi:

„Hann er misjafn, það fer eftir því hvort ég sé að vinna eða ekki. Ef ég er að vinna er hún búin um kl. 15:30 og þá fer maður og sækir dæturnar í leikskólann og svo fer maður heim og á smá tíma með þeim, svo um kl. 17:45 fer maður að þjálfra og svo er maður kominn heim um kl. 20:00, oft verður maður að fara á völlinn eftir æfingar til að sjá andstæðingana spila, og þá er maður kominn heim um klukkan 22:00.“

Best er að enda viðtalið á svarinu við titli greinarinnar, Hverjir eru bestir?

Garðar svaraði: „LFC - Leiknir Football Club.“

Erna Ýr



Grill og ostur

– ljúffengur kostur!



Íslenskt samfélag - Fjölmenningarlegt samfélag

Grundvallar forsenda allrar vinnu gegn fordómum og mismunun, felst í almennum skilningi fólks á kostum fjölbreytninnar. Einstaklingar sem að tilheyra meirihlutahópum samfélagsins skilja og finna í gegnum gagnvirk samskipti, kosti og mikilvægi fjölbreytileikans fyrir samfélagið í heild. Börn sem og fullorðnir hafa gott af því að kynnast fólki af öðrum uppruna og einnig að kynnast frábrugðnari menningu en þeirri sem þau þekkja. Það gefur þeim meiri heildarsýn á heiminn og það er líka bara mjög þroskandi að búa í samfélagi með fólki af blönduðum uppruna.

Blaðamaður fór og talaði við nokkra krakka sem eru í námi í nýbúadeild Breiðholtsskóla og spurði þau ýmissa spurninga um Ísland og hvað þeim finnst um að

Mér er strítt en ég á samt marga íslenska vini

Sarah Daisog Mangubat er 12 ára gömul og nemandi í nýbúadeild Breiðholtsskóla. Hún kom hingað frá Filippseyjum fyrir sex mánuðum, og hún er á fullu að læra íslensku og henni gengur mjög vel að aðlagast Íslandi. Ég byrjaði á að spyrja alla viðmóendur mína að því hvernig þeim líkaði á Íslandi og Sarah svaraði mér þessu:

„Mér líkar vel á Íslandi, það er gaman að læra í íslenskum skóla og mér gengur vel að aðlagast tungumálinu.“ Menningin hérlandis er mjög frábrugðin því sem Sarah þekkir á Filipseyjum. „Það er góð menning á Íslandi, en ég hef lítið fylgst með íslenskri tónlist en ég veit samt hver Silvía Nótt er. Það er erfitt að búa í Filippseyjum og það er erfitt fyrir fólk að ná sér í vinnu þannig að það skapar auðvitað erfiðar aðstæður fyrir fólkið og þar með er mikið um fátækt. En í Filippseyjum er mjög góður matur.“ Það er oft ekki auðvelt fyrir einstaklinga af erlendum uppruna að tengjast

Ekki sömu tækifæri í atvinnuleit

Jaana-Marja, kemur frá Finnlandi og hefur verið búsett hérna í um 11 ár. Það er ekkert rosalegur munur á Íslandi og Finnlandi þannig að Jaana var ekki lengi að aðlagast Íslandi.

„Mér líkar mjög vel hérna, ég hef verið hérna það lengi að þetta er orðið heimalandið mitt!“

Jönu líkar vel við íslenska menningu þó að hún sé ekkert að kynnast einhverju gjörsamlega frábrugðnu. „Menningin er ekki heldur mjög ólík finnskri menningu, ekki ef maður ber saman við, t.d. eitthver Afrikuríki eða svo. Maturinn er ágætur að mestu leiti. Í hverju landi er alltaf eitthvað sem manni finnst ekki gott, en allmennt borða ég bara allt - jafnvel hákarl og skötu! Er ekki mjög hrifin af súrum þorramat.“ Blaðamaður spurði Jönu um andúð Íslendinga gagnvart útlandingum og hvort að hún hafði fundið fyrir einhverri andúð frá einhverjum í gegnum árin. „Ekki beint. Við erum jú persónur og hver og einn hefur sína fordóma

búa hérna. Einnig talaði ég við eina konu sem er af finnsku bergi brotinn, hún starfar á leikskólanum Seljaborg í Seljahverfi, hún hefur verið búsett hér nokkuð lengi þannig að hún er ábyggilega orðin atvinnumanneskja í að svara svona spurningum en hún hafði þó mjög margt áhugavert að segja. Sjaldan er góð vísa of oft kveðin, segi ég nú bara.

Hvað er menningaráfall

Anna Guðrún Júlíusdóttir kennir börnunum í nýbúadeildinni í Breiðholtsskóla og ég ákvað að spyrja hana um þetta prógramm og einnig hvernig henni finnst börnin vera að aðlagast á Íslandi. Hvort að hún sjái hvort börnin verða fyrir einhverri andúð annarra nemenda.



Anna Guðrún Júlíusdóttir.

„Nýbúadeildin var opnuð haustið 2000. Það var m.a. vegna þess að börnum af erlendum uppruna hafði fjölgað í úthverfum í austurborginni. Breiðholtsskóli liggur miðlægt við Mjódd og því eru samgöngur einfaldar innan Breiðholtsins og úr öðrum hverfum borgarinnar,“ sagði Anna þegar blaðamaður spurði út í stofnun nýbúadeildarinnar. Börn eru misfljót að aðlagast nýjum aðstæðum eins og nýjum skóla eða nýju hverfi, en það getur ekki verið auðvelt fyrir börn að aðlagast nýju landi, sem er kannski gjörsamlega andstæða því sem þau þekkja, hvernig finnst þér börnin aðlagast Íslandi?

Í Úkraínu má borða nammi í skólanum

Xeniya Katunina er í 9. bekk í Breiðholtsskóla. Hún kemur frá Úkraínu og er búin að vera búsett hérlandis í rúmt ár. Henni líkar mjög vel að búa á Íslandi og það sem henni finnst best við Ísland kom mér mjög á óvart því að þetta eru hlutir sem að ég tel vera sjálfsagða hluti, en þegar hún sagði þetta fannst mér þetta ein fallegustu orð sem ég hef heyrt.

„Góðar og bjartar nætur á sumrin og það er einnig æðislegt að hafa gott vatn í vaskinum, því að það er ekki hægt að fá sér vatn úr krananum í Úkraínu, þú verður að kaupa það. „

Xeniya er mjög ánægð með íslenska menningu þó að hún sé ekki alveg komin inn í dægurmenning okkar. „Maturinn er fínn, og ég er alltaf að bragða á nýjum mat. Ég hlusta ekkert á íslenska

„Það fer eftir aldri og einstakling. Það er auðveldara fyrir yngri börnin að aðlagast félagslega. Á unglingarárum er oft erfiðara að aðlagast nýjum heimi. Það fylgir mikið álag því að flytja til annars lands. Hugtakið menningaráfall kom fyrst fram árið 1958 til að útskýra þá streitu sem oft fylgir því að flytja frá einu menningarsvæði til annars. Fólkið veit oft ekki hvernig það á að haga sér á nýjum stað. Mikilvægt er að skilja eðli menningaráfalls svo hægt sé að bregðast skynsamlega við því og draga úr áhrifum þess ef það er hægt. Menningaráfall er eins konar sorgarferli í fimm stigum. Og það dregur úr sorginni ef nemendur mæta hlýju viðmóti og skilningi.“ Anna lét fylgja með netfang þar sem er hægt að læra meira um menningaráfall. Hún er; www.breidholtsskoli.is/fjolmenn-ing/1/Menningarafall/menning-arafall

Uppbygging fjömenningarlegs skóla

Nemendur í nýbúadeildinni geta skoðað um menningarheima hvers annars á Fjölmenningarvefnum, en þeir gera oftast meira af því þegar íslenskukunnáttan er orðin góð því að allar upplýsingarnar eru settar inná vefinn á íslensku. En börnin tengjast vináttuböndum og tengjast á þann hátt og læra um menningu hvors annars. Er einhver samvinna á milli nýbúanna og íslensku barnanna?

„Það þarf að vinna skipulega og meðvitað með þann þátt og hjálpa nemendum að tengjast. Í Breiðholtsskóla hafa nemendur unnið saman að ákveðnum verk-

efnum til dæmis tengt þemavikuum og árshátíðum. Í vetur hófst þróunarverkefnið Lýðræði í skólastarfi: Samstarf foreldra, kennara og nemenda í uppbyggingu fjölmenningarlegs skóla. Þetta er gert af frumkvæði og í samvinnu við Kennaraháskóla Íslands. Við höfum einnig nýtt okkur ráðgjöf frá InterCultural Iceland í þróunarverkefninu sem er sjálfstæð fræðslumiðstöð, m.a. á sviði fjölmenningarlegrar kennslu og ráðgjafa. Þessi samvinna mun halda áfram næsta haust.“

Það er einnig gaman að segja frá að Rauði Kross Íslands mun einnig byrja með þróunarverkefni í Breiðholtsskóla næsta vetur. Markmiðið er samvinna erlendra og íslenskra nemenda við ýmis skemmtileg verkefni.

Fordómar koma frá fullorðnum

Ung stúlka sagði eitt sinn við mig að fordómar komi frá fullorðnum og þeir smitast yfir á börn. Ef að maður myndi setja saman hóp af börnum af öllum kynþáttum, hvaðan af úr heiminum undir eitt þak, yrðu engir fordómar af því að þetta væri það eina sem þau myndu þekkja og þeim þætti þetta auðvitað mjög eðlilegt. Það er hægt að koma í veg fyrir fordóma af því að fólk verður að skilja að það á enginn einstaklingur skilið að verða fyrir barðinu á fordómum því að allir eru eins, guð skapaði manninn á sama hátt, hvar sem þeir eru í heiminum. En hann gerði þó hvern og einn á sinn hátt.

Erna Ýr



Xeniya Katunina

tónlist og ég hef heldur ekkert fylgst með íslensku sjónvarps efni.“ Ég veit ekki mikið um menninguna í Úkraínu, en Xeniya fræddi mig töluvert um menningu Íslands og þetta hafði hún að segja. „Það eru haldin jól í Úkraínu en

þau eru 6. og 7. janúar, þannig að þau eru haldin eftir áramótin sem eru haldin sömu daga og á Íslandi. Í skólum í Úkraínu má borða nammi í skólanum en það er ekki leyft hérna og ég tek líka eftir því hér að yngstu skólabörnunum er ekki alltaf hleypt út en það er öðruvísi í Úkraínu þar eru börnin frjáls í frímínútum.“ Xeniya finnur ekki fyrir mikilli andúð frá öðrum Íslendingum þó hún eigi enga íslenska vini. Hún kann ekki enn mikið í íslensku en hún talar rússnesku, úkraínsku og pólsku reiprennandi. „Mér líður ekki vel að fara á böll og fleira í skólanum af því að ég kann ekki nægilega mikið í íslenskunni. Ég á ekki marga íslenska vini en ég er mikið með stelpu frá Rússlandi, við náum vel saman, af því að ég tala rússnesku.“

Hefur fundið fyrir andúð

Rizon Gurung, 12 ára frá Nepal og frændi hans Raj Deep Gurung 14 ára frá Nepal hafa verið búsettir á Íslandi í nokkurn tíma, þó hefur Raj Deep verið hérna í þrjú ár á meðan Rizon hefur verið hérna í aðeins eitt ár. Ég spurði Rizon og Raj Deep um hvað þeim fannst um Ísland og þeir sögðu: Rizon- „Það er gaman að leika í snjónum og það er líka mjög skrýtið að það geti snjóað hvenær sem er og svo kemur mikil sól á sumrin.“ Raj Deep- „Það er bara gott á Íslandi, íslenskt fólk er mjög gott.“ Eins og áður er sagt koma þeir báðir frá Nepal, og þeir sögðu mjög svipaða hluti um menningu Nepal. Rizon - „Það er ekki gott ástand í Nepal núna, konungurinn er ekki góður maður og það er eitthvað um fátækt, en ég veit samt ekki mikið um það.“ Raj Deep - „Ja, það er eitthvað um fá-



Rizon Gurung

tækt. Kóngurinn er vondur, ég veit samt ekki alveg hvernig hann er.“

Rizon hefur fundið fyrir andúð frá Íslendingum en hann ætlar ekki að láta það buga sig:

„Já, ég hef fundið fyrir andúð. Ég á samt íslenska vini en enga



Raj Deep Gurung

vini í skólanum. Ég leik mér við hin útlensku börnin í skólanum og í frímínútum.“ Raj Deep hefur ekki fundið fyrir neinni andúð og á alveg fullt af íslenskum vinum.

Erna Ýr



TIL UMHUGSUNAR

Eftir sr. Svavar Stefánsson

Framsýni?

Fyrir nokkrum dögum ók ég vestur á Snæfellsnes í björtnu og stilltu veðri. Þegar ég ók út úr Hvalfjargöngunum að norðanverðu og austur með Akrafjallinu blasti við þessi fallegi fjörður, Hvalfjörður, sléttur, kyrrlátur, tignarlegur. En ekki hafði ég ekið lengi þegar náttúrufergurinn breyttist og upp í loftið liðuðust grámóskulegir reykjarmekkir sem voru eins og sár á himninum. Gufur þessar komu frá þeim verksmiðjum sem eru á Grundartanga, mengunarreykur sem fylgir svona atvinnustarfsemi. Og verksmiðjurnar á þessu svæði eru einhverjar þær ljótustu byggingar sem maður hefur séð hér á landi, eins og sár á landinu. Er ekki sérkennilegt hvað við veljum oft fallega staði fyrir þess konar verksmiðjur?

Það er gott að hugsa þegar maður er að aka bíl. Mér var hugsað til þess þennan fagra dag hve skammsýn við erum oft í þessu landi að þessu leyti og hve sú stóriðjustefna sem rekin hefur verið hérlandis er að mínu mati um margt gagnrýnisverð. Mér var hugsað austur á firði þar sem ég bjó í hálfan annan áratug. Þar er verið að umbylta landinu og reisa verksmiðjur sem munu spúa svona lofti um nágrennið. Og svo heyrir maður í fréttum að orkuverðið, sem verður víst að vera leyndarmál, sé svo lágt að þjóðin ber nær ekkert úr býtum og landspjöllin veiti aðeins stundarábata.

Ég er nýbúinn að lesa hina stórgóðu bók, Draumalandið, eftir Andra Snæ Magnason. Þar fjallar hann á afar skýran og raunsannan hátt um þessa stóru blekkingu sem þessi stóriðjustefna sem rekin hefur verið undanfarin ár er í raun og veru. Hann bendir jafnframt á þá barnalegu sýn margra talsmanna þessarar stóriðjustefnu þegar því er haldið fram,

að þeir auðhringar sem eru að reisa hér verksmiðjur fyrir stóriðju sína, séu einhvers konar góðgerðarstofnanir, vinir náttúrunnar og mannlífs í landinu. Þessir auðhringar eru hér bara til þess að græða peninga, málið er nú bara ekki mikið flóknara en það. Þeir veita peningum inn í landið meðan framkvæmdir standa yfir en auðmyndunin í verksmiðjurekstrinum gengur til þeirra þegar þeir hafa greitt þann kostnað sem upp er settur. Og sá kostnaður virðist hér á landi vera lítill miðað við sem gengur og gerist og því una þeir sér vel hér á landi.

Ég held að fólkið í landinu sé að átta sig á hve miklu við erum að fórna fyrir lítið og þeir sem halda öðru fram eru bara ekki trúverðugir. Nýliðnar kosningar og hrær-

ingar í pólitíkinni hér innanlands tel ég að beri þess merki að hugunarháttur okkar sé e.t.v. að breytast, náttúrunni í vil. Við erum að framleiða dýrmæta orku í veröld sem glímur við hækkandi orkuverð, en seljum hana með litlum ábata til verkefna sem skemma ásjón landsins og spilla umhverfinu. Fólki almennt hugnast ekki svo ógeðfellt framtíðarsýn. Við verðum að fara að gefa umhverfismálum meira vægi. Fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna hefur nýlega bent á að við erum á síðasta snúningi að vinna náttúrunni óbætanlegt tjón með þessum hamangangi á náttúrunni. Þessi staðreynd er að verða æ fleirum ljósari. Sú stund kann að renna upp að ekki verði aftur snúið. Hugsum um það.

Tilkynning

erum enn á sama stað!

FÓTA AÐGERÐ
Eddu

& SNYRTISTOFA

Hverfisgötu 61

S: 561-2025

FJÖR Á KAFFI STRÆTÓ MJÓDD

TILBOÐSDAGAR!!

Fish and Chips + Pepsi kr. 1000.-
Buff m/grænmeti og lauk kr. 1.200.-

Danskt smurbrauð frá kr. 500.-

Kaldar samlokur frá kr. 400.-

Afsláttarkort á bjór - tveir ókeypis

Bjór og skot kr. 800.-

Dans um helgar - opið til kl. 5:30

Boltinn í beinni á breiðtjaldi

*Breiðholtsbúar standið saman
um ykkar hverfispöbb.*



Mjódd • Sími 557 2700 • Opið frá kl. 11

Hér
er ég!



Mjódd



Smiðjuvegi



Nóatúni 17



Apótekarinn
-lyf á lægra verði!

GRASTEPPI

Hentar á svalir - verandir og til útstillingar
Breidd: 200 og 400 cm

Grasteppi á aðeins
kr. 1.090,- pr. fm.

FAGURGRÆN - GEGNDRÆP

Má nota úti sem inni allt árið.
Við sníðum eftir þínum málum.

TEPPABÚÐIN

Sími: 568 1950 • Grensásvegi 18 • Sími: 581 2444

FÚAVÖRN

Þú færð allar helstu fúavarnartegundir
hjá Litaveri, Grensásvegi.

Kjörvari 14 4 ltr. -36%
gegnær

Verð kr. 4.716-

Okkar verð kr. **2.999-**

Woodex Ultra -15%
4.7 ltr. - gegnsær

Verð kr. 5.888-

Okkar verð kr. **5.005-**

Sólignum 5 ltr. -20%
þekjandi

Verð kr. 6.746-

Okkar verð kr. **5.397-**

Texolin 4 ltr. -30%
þekjandi

Verð kr. 5.717-

Okkar verð kr. **4.003-**

Við reiknum efnisþörfina og veitum þér
faglegar ráðleggingar um vinnu á viðnum

LITAVÉR

Hugsum stórt, horfum langt og byrjun strax

Hugsum stórt, horfum langt og byrjum strax eru einkunnarorð nýs meirihluta sjálfstæðismanna og framsóknarmanna í borgarstjórn Reykjavíkurborgar sem tók til starfa sl. þriðjudag. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn var kjörinn borgarstjóri án atkvæðagreiðslu á fyrsta fundi nýrrar borgarstjórnar, Hanna Birna Kristjánsdóttir var kjörinn forseti borgarstjórnar. Björn Ingi Hrafnsson var kjörinn fyrsti varaforseti og Júlíus Vífill Ingvarsson var kjörinn annar varaforseti.

Björn Ingi formaður borgarráðs

Borgarráð verður skipað Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, Gísla Marteini Baldurssyni og Kjartani Magnússyni frá Sjálfstæðisflokki, Degi B. Eggertssyni og Steinunni Valdísi Óskarsdóttur frá Samfylkingu, Árna Þór Sigurðssyni frá Vinstri hreyfingunni



Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.

grænu framboði og Birni Inga Hrafnssyni frá Framsóknarflokki. Björn Ingi Hrafnsson verður formaður borgarráðs.

Guðlaugur Þór í orkuveituna

Af öðrum kosningum sem fram fóru á fundi borgarstjórnar má nefna að Guðlaugur Þór Þórðarson alþingismaður var kjörinn



Hanna Birna Kristjánsdóttir.

formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur en kosning hans er til eins árs. Þá tekur Haukur Leósson við formennsku í eitt á en síðan fellur formennskan framsóknarmönnum í hlut tvö síðari ár kjörtímabilsins. Guðlaugur Þór er hættur í borgarstjórn en var talsmaður sjálfstæðismanna í málefnum orkuveitunnar á síðasta kjörtímabili. Björn Ingi Hrafnsson borgarfulltrúi var kjörinn varafor-



Björn Ingi Hrafnsson.

maður stjórnar orkuveitunnar og auk þeirra voru Haukur Leósson, Stefán Jón Hafstein og Ólafur F. Magnússon kjörnir í stjórnina. Björn Ingi Hrafnsson var kjörinn formaður stjórnar Faxaflóahafna sf. Auk hans voru Kjartan Magnússon, Ólafur R. Jónsson, Dagur B. Eggertsson og Árni Þór Sigurðsson kjörnir í stjórnina.

Kosning formanna í ráð borgarinnar fór þannig að Kjartan Magnússon verður formaður menningar- og ferðamálaráðs, Júlíus Vífill Ingvarsson verður formaður menntaráðs, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir verður formaður leikskólaráðs, Jórunn Frimannsdóttir verður formaður velferðarráðs og Óskar Bergsson verður formaður framkvæmdaráðs. Sjálfstæðismenn hafa því formensku í sex af átta helstu nefndum borgarinnar en framsóknarmenn stýra tveimur.

Hreinsun, búsetuúrræði aldraðra og lóðaframboð

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson sagði er hann hafði verið kjörinn borgarstjóri að hann myndi legg-

ja áherslu á gott samstarf við alla borgarfullrúa og borgarstarfsmenn og verða borgarstjóri allra Reykvíkinga. „Ég mun þjóna borgarbúum á skilvirkan hátt með kurteisi og tillitsemi að leiðarljósi.“ Vilhjálmur kvaðst enn fremur ætla að heimsækja fyrirtæki og stofnanir, halda fundi og sinna beiðnum um viðtöl eins og tími myndi leyfa. „Sem borgarfulltrúi hef ég lagt mikla áherslu á að sinna erindum einstaklinga og því ætla ég að halda áfram og leiðbeina og aðstoða þá við að koma erindum sínum í gegnum það mikla völundarhús sem stjórnkerfi borgarinnar er.“ Hann þakkadi síðan Steinunni Valdísi Óskarsdóttur, fráfarandi borgarstjóra, vel unnin störf í þágu borgarinnar. Hann sagði að þau Steinunn hefðu unnið lengi saman og átt gott heiðarlegt samstarf þótt þau hefðu ekki alltaf verið samála.

Vilhjálmur kvaðst leggja mikla áherslu á hreinsun borgarinnar og nú þegar yrði gerð áætlun um hreinsun hinna mörgu opnu svæða hennar. Þetta yrði eitt af fyrstu verkum sínum sem borgarstjóra ef ekki það fyrsta. Þá yrði fljótlega haft samband við félög og samtök eldri borgara um búsetuúrræði fyrir eldra fólk en þar væri um brýnt verkefni að ræða. Þá yrði að huga að auknu lóðaframboði, ekki síst fyrir sérbylí þar sem eftirspurnin væri mjög mikil og lóðaskortur m.a. ástæða þess að fólk hefði flust til nágranna sveitarfélaganna. Vilhjálmur lagði áherslu á fjármál borgarinnar og sagði að á næsta fundi borgarráðs yrði óskað eftir að gerð verði úttekt á fjármálum borgarinnar til og með 1. júní. Hann benti á að við síðustu fjárhagsáætlun hafi þáverandi meirihluti sett sér sem markmið fyrir árið 2007 að geta lokað áætluninni með kröfu um hagræðingu upp á 600 milljónir. „Þegar ég er að kynna mér það nákvæmlega hvernig eigi að spara 600 milljónir liggur ekkert fyrir um það, þessari tölu er bara skellt inn til að geta sýnt betri stöðu,“ sagði Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri.

ÍR landið ekki þjóðlenda

Óbyggðanefnd hefur úrskurðað að eignarland ÍR á Hengilsvæðinu sé ekki þjóðlenda.

Nefndin hvað upp úrskurð sinn um málið 31. maí sl. en ríkið hafði gert kröfu um að þetta land félli undir þjóðlendu.

Með þessum úrskurði er fengin viðurkenning á því að

landið er undirorpið einkaeignarrétti en ÍR eignaðis landið samkvæmt þinglýstu afsali 1939. Þetta er mikill sigur í langri baráttu ÍR til að halda landi sínu sem verið hefur alla tíð notað til skíðaiðkana og skíðadeildin byggt marga skíðaskála og lyftur á landinu.

Netsaga.is

Golfkennsla

Nökkvi Gunnarsson

Meðlimur hjá USGTF og IPGA
UNITED STATES GOLF TEACHERS FEDERATION

Einkakennsla og hópar

Upplýsingar í síma 893 4022



EIGUM SUMARGJÖFINA FYRIR ÞIG

HM búningasett barna kr. 3995.-

Fótboltaskór frá kr. 3995.-

ÍR- og Leiknisvörur í úrvali

KODAK-framköllun frá kr. 1070.-

Umboð fyrir Happraætti Háskóla Íslands SÍBS og DAS

Leiksport

Sími 5575020

Hólagarði

Mikil sóknarfæri framundan

Aðalfundur Íþróttafélags Reykjavíkur var haldinn þriðjudaginn 30. maí s.l. og voru eftirtaldir kosnir í stjórn félagsins:

Úlfar Steindórsson, formaður, Ólafur Gylfason, varaformaður, Þórarinn M. Þorbjörnsson, gjaldkeri, Jóhannes Karl Sveinsson, ritari og Gunnar Páls Jóakimsson, meðstjórnandi. Varamenn voru kosnir þeir Steinn Einarsson og Niels Einarsson.

Úr stjórninni gengu aðalmennirnir Þorbergur Halldórsson, Guðmundur Ólafsson, Þórdís Gísladóttir og Sigurður Kristinsson og varamennirnir Kristinn Gíslason og Birgir Hermannsson. Þeir Þorbergur f.v. formaður og Guðmundur f.v. gjaldkeri félagsins voru búnir að eiga sæti í stjórn félagsins í 14 ár og var þeim sérstaklega þakkað fyrir gott starf í þágu félagsins.

Júðódeild ÍR var formlega stofnuð og eru deildir ÍR þá orðnar níu talsins auk íþróttaskólans. Staða félagsins er góð bæði fjár-



Unnið að gerð gervigrasvallar á ÍR svæðinu.

hagsleg og íþróttaleg með hátt í 2000 iðkendur. 100 ára afmælið er 11. mars á næsta ári og byrjað að skipuleggja vegleg hátíðahöld og íþróttaviðburði á árinu. Gervi-

grasvöllur á að komast í notkun í haust og stefnt að því að hefja byggingu íþróttahúss ÍR strax á afmælisárinu og framundan er því mikið sóknarfæri.

Meistaramót Íslands fyrsti hluti

Meistaramót Íslands í fjölþrautum fór fram um hvítasunnuhelgina og átti ÍR fjóra keppendur.

Hulda Þorsteinsdóttir (1991) sem keppir í meyjaflokki varð í 3.

sæti með 3288 stig, Einar Daði Lárusson (1990) varð í 1. sæti, í sveinaflokki með 6347 stig sem er lágmark á Norðurlandamót unglinga í fjölþrautum, Ármann Óskarsson (1991) sem einnig keppir í

sveinaflokki varð 6. með 2588 stig og Þóra Kristín Pálsdóttir (1988) sem keppir í kvennaaflokki varð í 3. sæti með 3846 stig.

Tíunda grunnskólamót Reykjavíkur

Grunnskólamót Reykjavíkur sem haldið er fyrir 5., 6., 7. og 8. bekk grunnskóla fór fram dagana 9. - 11. maí í Laugardalshöllinni.

Hingað til hefur mótið verið haldið utanhúss en vegna misjafnra aðstæðna á þessum árs-

tíma var ákveðið að halda mótið inni. Aldrei slíku vant var frábært veður keppnisdagana og hafði það sjálfsagt áhrif á þátttökuna sem reyndar var góð þrátt fyrir það en 297 keppendur reyndu með sér í 60m spretthlaupi, 800m hlaupi, langstökki, kúluvarpi og

5x60m boðhlaupi. Eitt aðalmarkmiðið með keppninni er að kynna frjálssar íþróttir fyrir börnum og ungmennum og leita uppi efnilega íþróttamenn. Nú þegar hafa nokkrir haft samband og vilja prófa frjálssar og þar með hlýtur markmiðinu að vera náð.

Kvennasveitin í öðru sæti

Meistaramót Íslands í fjölþrautum og lengri boðhlaupum fór fram samhliða þrautarkeppninni eins og undanfarin ár. ÍR sendi kvennasveit í 3 x 800 metra boðhlaup og varð sveitin í 2. sæti en sveitin var skipuð þeim Söru Björk Lárusdóttur, Sólveigu Spilliert og Fríðu Rún Þórðardóttur. Stelpnasveit ÍR varð í 3. sæti og

var sveitin skipuð þeim Örnú Stefaniú Guðmundsdóttur, Björgu Gunnarsdóttur og Kristínu Lív Jónsdóttur. ÍR átti tvær sveitir í 4 x 800m boðhlaup karla og urðu þeir í 2. og 3. sæti. A-sveitina skipuðu þeir Burkni Helgason, Ólafur Konráð Sigurðsson, Brynjar Gunnarson og Snorri Sigurðsson. Þeir sem skipuðu B-sveitina voru þeir Vignir

Már Lýðsson, Stefán Ágúst Hafsteinsson, Valur Þórsson og Benedikt Oddsson. Sama kvennasveitin keppti í 3 x 1500m boðhlaupi og var hún eina sveitin sem mætti til leiks og urðu þær því Íslandsmeistarar. ÍR strákarnir urðu í 2. sæti í 4 x 1500m boðhlaupinu en þeir Vignir Már, Burkni, Snorri og Ólafur Konráð skipuðu sveitina.

Jöfnun á meti hjá Kristínu Birnu

Kristín Birna Ólafsdóttir, frjálssíþróttakona ársins hjá ÍR, jafnaði upp á stig Íslandsmet sitt í sjöþraut 11. maí þegar hún hlaut 5402 stig. Þetta er fremur óvenjulegt að ná nákvæmlega jafn mörgum stigum tvisvar sinnum hvað þá tvær þrautarkeppnir í röð en þetta sýnir svart á hvítu styrk Kristínar.

Kristín lenti í 2. sæti í keppninni aðeins 16 stigum á eftir næsta keppanda en 16 stig í þraut er mjög lítið og aðeins nokkrir hundruðustu hlutar úr sekúndu í hlaupagrein eða 1 cm í stökk eða kastgrein. 12. maí bætti Kristín Birna sig svo í 100 metra grindahlaupi og náði undir 14 sekúndna múrinn þegar hún

hljóp á 13.98 sek. Einnig komst hún áfram í 400 metra grindahlaupi þegar hún hljóp á 60.59 sek. en hún á best 60.10 sek. Kristín er þar með komin með lágmarki 100 metra og 400 metra grindahlaup á Norðurlandameistaramót 20 til 22 ára sem fram fer í Danmörku í lok ágúst.

skreiði sem er í boði frá kl.12:30 til 16:00 og stendur í tvær vikur í senn.

Í lok námskeiðanna er krökkunum boðið upp á grillveislu og allir fá falleg viðurkenningar skjöl og myndsafn að þeim loknum.

Aðstaða þessara beggja hópa er inni í félagsheimili ÍR að Skógarseli og ef illa viðrar er alltaf hægt að nýta íþróttasali hússins.

Skráning er í síma 587-7080.

Góða skemmtun í sumar, Sigrún Gréta, Íþróttafulltrúi ÍR



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Myndsími: 587 7081
Tölvupóstur: iradal@isholf.is

Samstarfssamningur Olís og ÍR



Samningurinn handsalaður og að sjálfsögðu var bensindælan notuð sem undirskriftarborð.

Samstarfssamningur Olís og ÍR knattspyrnudeildar og handknattleiksdeildar var undirritaður á ÍR-deginum í Olís í Mjódd nýlega og þar fór einnig fram fjölskylduskemmtun.

Börnin léku sér m.a. í hoppköstulum og þáðu íspinna og full-

orðna fólkið fékk kaffi og meðlæti í boði Olís. Olís og ÍR hafa átt gott samstarf undanfarið og líta bjartsýnum augum á áframhaldandi samstarf. Mótorhjólaklúbburinn „Dúllarar“ komu í heimsókn ásamt ýmsum góðum gestum.

Æfingatalfla frjálsra

íþróttar ÍR sumarið 2006

6-8 ára hópur Laugardalur (fædd 98-99 og 2000)

Mánudagar 16:30-17:20,Laugardalsvöllur/Kastsvæði.
Fimmtudagar16:30-17:20 Laugardalsvöllur/Kastsvæði.
Þjálfari: Hörður Gunnarsson, íþróttakennari s: 562-2217, netfang: hordurg@simnet.is
Æfingagjald: Kr. 2.200.- á mánuði

8-11 ára flokkur Breiðholt (fædd 95-96-97 og 98)

Mánudagar 16:15-17:30 ÍR-völlur við Skógarsel.
Miðvikudagar 16:15-17:30 ÍR-völlur við Skógarsel.
Þjálfari: Soffía Theódóra Tryggvadóttir, leiðbeinandi s: 695-5422, netfang: soffiatheodora@hotmail.com
Æfingagjald: kr. 3.000.- á mánuði.

9-11 ára flokkur Laugardalur (fædd 95-96 og 97)

Mánudagar 16:30-17:20 Laugardalsvöllur/Kastsvæði.
Miðvikudagar 16:30-17:20 Laugardalsvöllur/Kastsvæði.
Fimmtudagar 16:30-17:20 Laugardalsvöllur/Kastsvæði.
Þjálfari: Hörður Gunnarsson, íþróttakennari, s: 562-2217 netfang: hordurg@simnet.is
Æfingagjald: kr. 3.000.- á mánði.

12-14 ára flokkur (fædd 92-93 og 94)

Mánudagar 16:30-18:00 Laugardalsvöllur/Kastsvæði.

Miðvikudagar 16:30-18:00 Laugardalsvöllur/Kastsvæði.

Fimmtudagar 16:30-18:00 Laugardalsvöllur/Kastsvæði.
Þjálfarar: Örvar Ólafsson, íþróttaræðingur, s: 821-9580 netfang: orvarol@gmail.com.
Albert Þór Magnússon, þjálfari s: 691-3101 netfang: albertm@heimsnet.is
Æfingagjald: kr. 4.500.- á mánuði

15-16 ára flokkur (fædd 90 og 91)

Mánudagar 16:30-18:00 Laugardalsvöllur/Kastsvæði.
Þriðjudagar 16:30-18:00 Laugardalsvöllur/Kastsvæði.
Miðvikudagar16:30-18:00 Laugardalsvöllur/Kastsvæði.
Fimmtudagar 16:30-18:00 Laugardalsvöllur/Kastsvæði.
Föstudagar 16:30-18:00 Laugardalsvöllur/Kastsvæði.
Laugardagur 10:30-12:00 Laugardalshöll/Kastsvæði.
Þjálfarar: Þráinn Hafsteinsson, íþróttaræðingur s: 863-1700, disathrainn@simnet.is.
Þórdís Gísladóttir, íþróttaræðingur, Sverrir Guðmundsson, íþróttakennari, Martha Ernsts-dóttir, sjúkrapjálfari, Jón Oddsson, þjálfari, Óskar Thorarensen, þjálfari, Burkni Helgason, þjálfari. Æfingagjald: kr. 4.500.- til kr. 5.500.- á mánuði eftir æfingafjölda.

Heimasíða ÍR er www.irsida.is

Upplýsingar um starfsemi félagsins er að finna á heimasíðunni og heimasíður deilda félagsins eru með tengingu við www.irsida.is

Ótrúlega góðir skyndiréttir í 400g pakkningum í örbylgjuna/ofninn

Bolognese
Karrykjúklingur
Kjötkássa
Skinkupasta



400g skyndiréttur

198

Frábært úr
frystinum!

Frískandi og gott



SMOOTHIE 250ml

79

LONDONLAMB
frá Kjarnafæði

979

MERKT VERÐ 1399

30%
afsláttur

5 heimilispylsur
+ 5 pylsubrauð



5 pylsur + 5 brauð

299

PYLSUTILBOÐ

Þetta allt í Bónus!



DANUGLAS 710/720g

98



24 Bónus íspinnar

ÚRBEINAD HANGILÆRI



HANGILÆRI ÚRBEINAD

1499

MERKT VERÐ 2499



MAISSTÖNGLAR 450g

98



RÚSÍNUR

RÚSÍNUR 500g

98



SVEITABJÚGU

299

KOFAREYKT

Kofareyktu sveitabjúgun



4 XL BÓNUS
hamborgarabrauð

KÍLÓ AF HAMBORGURUM!

4-XL brauð

98

10 hamborgarar

899

1 kíló

www.bonus.is

40%
afsláttur

Sjáðu verðið!